



# **ER FRAMTÍÐ FYRIR ÍSLENSKT ATVINNULÍF?**

- SAMKEPPNISHÆFNI OG REKSTRARUMHVERFI -

**UMBROT OG HÖNNUN:  
FROSTI ÓLAFSSON**

# ER FRAMTÍÐ FYRIR ÍSLENSKT ATVINNULÍF?

- SAMKEPPNISHÆFNI OG REKSTRARUMHVERFI -

## RITSTJÓRN:

Finnur Oddsson  
Björn P. Arnarson  
Frosti Ólafsson  
Haraldur I. Birgisson

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS  
KRINGLAN 7  
103 REYKJAVÍK  
ÍSLAND

FEBRÚAR 2010

ISBN: 978-9979-9916-4-9

RIT ÞETTA MÁ AFRITA MEÐ LEYFI  
VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS

# EFNISYFIRLIT

<b>FORMÁLI</b>	<b>4</b>
<b>SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM VIÐHORFSKÖNNUNAR</b>	<b>6</b>
<b>REKSTRARUMHVERFI FYRIRTÆKJA</b>	<b>10</b>
HVÆÐ EINKENNIR GOTT REKSTRARUMHVERFI?	11
HELSTU ÁSKORANIR Í KJÖLFAR	
FJÁRMÁLAKREPPU	11
NIÐURSTÖÐUR VIÐHORFSKÖNNUNAR	13
<b>STARFSEMI HINS OPINBERA</b>	<b>15</b>
NIÐURSTÖÐUR VIÐHORFSKÖNNUNAR	15
RÍKISFJÁRMÁL OG REKSTRARUMHVERFIÐ	17
UMSVIF HINS OPINBERA Á SAMKEPPNISMARKAÐI	18
Breytt staða í kjölfar fjármálakreppunnar	19
ÁHRIF ÝMISSA ÁKVARÐANA HINS OPINBERA	20
<b>FJÁRMÖGNUNAR OG SAMKEPPNISUMHVERFI</b>	<b>22</b>
NIÐURSTÖÐUR VIÐHORFSKÖNNUNAR	23
ENDURSKIPULAGNING BANKAKERFISINS	24
Óvissa um fjármögnun bankanna	25
Hámarksendurheimtur eða hámarksendurheimtur?	25
Sligandi skuldir	26
Endurskipulagning fyrirtækja	26
Gjaldþrotum fyrirtækja fjölgar	27
SAMKEPPNISUMHVERFI	28
Erfiðleikar við endurskipulagningu	28
FJÁRMÖGNUNARUMHVERFI	29
Bolmagn bankakerfisins takmarkað	29
Val fyrirtækja takmarkað	30
Ótakmörkuð ábyrgð innlána óheppileg	30
Vítahringur vaxta og verkefnalítið fé	31
Aðrir fjármögnunarmöguleikar rýrir	31
Erlend fjármögnun í biðstöðu	32

<b>PENINGA- OG UTANRÍKISMÁL</b>	<b>33</b>
<b>NIÐURSTÖÐUR VIÐHORFSKÖNNUNAR</b>	<b>34</b>
<b>KRÓNAN OG PENINGASTEFNAN Í KREPPU</b>	<b>35</b>
Hnökrar á utanríkisviðskiptum	36
Ísland í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi	36
<b>PENINGASTEFNA Í NÚTÍÐ OG FRAMTÍÐ</b>	<b>37</b>
<b>HVAÐA MÖGULEIKAR ERU Í BOÐI?</b>	<b>38</b>
Innganga í ESB og upptaka evru	38
Krónan og sjálfstæð peningastefna	38
<b>ESB OG GJALDMIÐLAMÁL</b>	<b>39</b>

<b>TRÚVERÐUGLEIKI, ÍMYND OG FRAMTÍÐARHORFUR</b>	<b>40</b>
<b>NIÐURSTÖÐUR VIÐHORFSKÖNNUNAR</b>	<b>41</b>

**VIÐAUKI:  
VIÐHORFSKÖNNUN VIÐSKIPTALÍFSINS**

EFNISYFIRLIT	i
FRAMKVÆMD	ii
NIÐURSTÖÐUR SPURNINGA	iv
TÚLKUN NIÐURSTAÐNA	xiii

# FORMÁLI

Í ár er Viðskiptaþing haldið undir yfirskriftinni *Er framtíð fyrir íslenskt atvinnulíf?* Nokkrar ástæður eru fyrir því að svara er nú leitað við þessari spurningu á vettvangi atvinnulífsins.

Í fyrsta lagi er ljóst að bankahrunið hefur haft verulega neikvæðar afleiðingar fyrir alla þætti íslensks samfélags. Þar ber hátt að rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja hefur hrakað umtalsvert og hefur ekki verið verra um áratugaskeið. Svo fátt eitt sé nefnt, þá hafa skuldir hækkað, kostnaður aukist, fjármögnun er lítt aðgengileg og eftirspurn dregist saman. Mörg fyrirtæki eru vegna þessa á forræði fjármálastofnana og fjöldi gjaldþrota hefur aukist hröðum skrefum.

Í öðru lagi eru uppi áleitnar spurningar um framtíð atvinnurekstrar vegna þess viðhorfs sem gætir af hálfu stjórnvalda gagnvart atvinnulífinu. Fyrir liggur að einkageirinn er sá hluti atvinnulífsins sem stendur undir framleiðniaukningu og verðmætasköpun. Öflug fyrirtæki og framsækið starfsfólk eru því forsenda hagvaxtar. Það er að sama skapi ljóst að hagfelldur rekstur hins opinbera, niðurgreiðsla á skuldum, atvinnuuppbygging og áframhaldandi sókn í bætt lífskjör mun ekki geta átt sér stað án kröftugs og arðbærs atvinnulífs.

Aðgerðir til úrlausnar á vanda hagkerfisins sýna að stjórnvöld eru ekki nægilega meðvituð um mikilvægi verðmætasköpunar og hagvaxtar. Á stundum mætti jafnvel ráða af umræðunni að stór hluti atvinnulífs sé annað hvort talinn óþarfur eða óæskilegur. Að auki hafa samskipti atvinnulífs og stjórnvalda um of einkennst af tortryggni og takmörkuðum samstarfsvilja. Undir þessum kringumstæðum er ekki óeðlilegt að forsvarsmenn atvinnurekstrar á Íslandi hugi að því hver framtíð íslensks atvinnulífs verður.

Inntakið í ofangreindri spurningu mætti auðveldlega endurorða og spyrja hvort lífskilyrði eigi eftir að batna, en þá vísar hún frekar til hagsmuna heimila og fjölskyldna. Í því sambandi er vert að minna á það sem stundum vill gleymast, að hagsmunir atvinnulífs er samtvinnuðir hagsmunum heimila og að þar er ekki um að ræða ótengda þátttakendur hagkerfisins sem keppa um gæði þess. Heimilin þurfa á atvinnu að halda og fyrirtækin, sem ekki verða starfrækt án fjármagns og mannauðs, þurfa á heimilunum að halda. Á þessu samspili hvílir svo rekstur hins opinbera. Eftir því sem lífskjör heimila batna og tekjur fyrirtækja aukast, þeim mun betur gengur að standa undir sameiginlegri þjónustu og því velferðarkerfi sem Íslendingar sækjast eftir.

Ekki er um það deilt að verkefni stjórnvalda um þessar mundir eru ögrandi. Þess er krafist að bót sé ráðin á atvinnuleysi, að kaupmáttur aukist, að rekstrargrunnur ríkissjóðs standi undir öflugum velferðarkerfi og að þjóðinni sé blásin í brjóst bjartsýni

og trú á framtíðina. Með markvissum skrefum sem miða að bættu rekstrarumhverfi og eflingu atvinnulífs má hinsvegar leysa mörg af þeim vandamálum sem við er að glíma. Fjölbreytt og öflugt atvinnulíf skapar vöxt, verðmæti, atvinnu og rýmri skatttekjur til fjármögnunar á samgæðum. Að auki er óhjákvæmilegt að bjartsýni og trú um góða framtíð á Íslandi fylgi í kjölfar betra atvinnuástands og lífskjara.

Við stöndum á slíkum tímamótum að nú verða hagsmunir heildarinnar, raunsæi og samstarfsvilji að ráða för. Stemma þarf stigu við frekari hrörnun hagkerfisins og vinna að framförum með markvissum aðgerðum sem felast í eflingu atvinnulífs og stuðningi við íslensk heimili. Við höfum ekki efni á öðru.


---

Með þessari skýrslu leitast Viðskiptaráð við að endurspegla viðhorf atvinnulífs til rekstrarumhverfis íslenskra fyrirtækja og þeirra vandamála sem þar er við að etja. Gerð er stutt grein fyrir helstu einkennum heilbrigðs umhverfis atvinnulífs en í megindráttum er fjallað um hvers vegna staða fyrirtækja á Íslandi er bág og hvað megi gera til úrbóta. Til stuðnings þeirri umfjöllun er fléttað helstu niðurstöðum úr könnun sem Capacent Gallup framkvæmdi fyrir Viðskiptaráð. Í könnuninni var leitað eftir viðhorfum forsvarsmanna fyrirtækja til helstu áhrifaþátta reksturs, t.a.m. úrræða fjármálastofnana, gjaldmiðils og breytinga á skattaumhverfi. Niðurstöður könnunarinnar í heild má finna í lok skýrslunnar.


Í aðdraganda Viðskiptaþings var leitað eftir ábendingum og ummælum frá forsvarsmönnum fyrirtækja í atvinnulífinu og félaga í Viðskiptaráði um aðstæður í atvinnulífinu og eru nokkur þeirra birt orðrétt í skýrslunni. Viðskiptaráð kann öllum þeim sem þannig lögðu lóð á vogarskálarnar bestu þakkir fyrir veitta aðstoð. Viðskiptaráð kann Creditinfo einnig bestu þakkir fyrir aðstoð við gagnaöflun.

## SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM VIÐHORFSKÖNNUNAR

**Spurning 1.** Hverjir eftirtalinna utanaðkomandi þátta valda mestum erfiðleikum í rekstri þíns fyrirtækis um þessar mundir? Hakaðu við þau tvö atriði sem eiga helst við.




**Spurning 2.** Telur þú að þau úrræði sem í boði hafa verið hjá viðskiptabönkum vegna skuldavanda fyrirtækja gagnast þínu fyrirtæki vel eða illa? (niðurstöður byggja á svörum þeirra fyrirtækja sem hafa nýtt úrræðin)







**Spurning 3.** *Telur þú að úrræði bankanna vegna skuldavanda fyrirtækja hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á samkeppnisumhverfi þíns fyrirtækis?*



**Spurning 4.** *Telur þú að hagsmunum íslensks viðskiptalífs sé betur borgið innan Evrópusambandsins eða utan þess?*



**Spurning 5.** *Telur þú að hagsmunum íslensks viðskiptalífs sé betur borgið með íslensku krónuna eða með annan gjaldmiðil?*



**Spurning 6.** *Telur þú að einhverjar opinberar stofnanir eða fyrirtæki í opinberum rekstri séu í samkeppni við þitt fyrirtæki eða ekki?*




**Spurning 7.** Telur þú að skattabreytingar stjórnvalda undanfarið ár muni almennt leiða til fjölgunar eða fækkunar starfsfólks hjá þínu fyrirtæki?




**Spurning 8.** Telur þú að ákvörðun forseta Íslands að staðfesta ekki lög um ríkisábyrgð vegna Icesave skuldbindinga þann 5. janúar 2010 hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á framtíðarhorfur íslensks viðskiptalífs?



**Spurning 9.** Telur þú það hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á stöðu þíns fyrirtækis að vera frá Íslandi?





## REKSTRARUMHVERFI FYRIRTÆKJA

Eftir því sem Ísland hefur orðið nátengdara alþjóðasamfélaginu hefur mikilvægi samkeppnishæfs rekstrarumhverfis aukist jafnharðan. Alþjóðavæðing skapar dýrmæt tækifæri til vaxtar og hagsældar en á móti setur aukin samkeppni um framleiðsluþætti stjórnvöldum þrengri skorður við uppbyggingu umhverfis til rekstrar. Ástæðan fyrir þessu er einföld. Til að geta keppt við önnur opin hagkerfi um fyrirtæki, fjármagn og verðmætt vinnuafli þarf Ísland að bjóða samkeppnishæft umhverfi á sem flestum sviðum.

Þrátt fyrir að hamingja ráðist ekki af fjármunum einum saman er undirstaða góðra lífskjara fólgin í framleiðni og verðmætasköpun. Til þess að bæta lífskjör er því mikilvægt að stuðla að stöðugri aukningu á framleiðni og verðmætasköpun, nánar tiltekið hagvexti. Í grunninn eru þrjár þættir sem stuðla að langtímahagvexti:

- » Fjármagn skapar þau nauðsynlegu verkfæri sem nýtt eru við sköpun verðmæta. Til að draga fjármagn inn í hagkerfið og stuðla að sparnaði innan þess er nauðsynlegt að skapa hagfellt fjárfestinga- og rekstrarumhverfi þar sem vænt arðsemi eigna er a.m.k. í takt við áhættu.
- » Mannauður er forsenda þess að fjármagnið sé nýtt á sem skilvirkastan máta. Því meiri sem gæði vinnuafslins eru því líklegra er að hver einstaklingur geti staðið undir mikilli verðmætasköpun. Til að fá hingað til lands hæft fólk og koma í veg fyrir spekileka er mikilvægt að skattkerfið sé hvetjandi og hagfellt. Auk þess ættu stjórnvöld að stefna að því að almenn þjónusta og samfélagsinnviðir séu eins sterkir og mögulegt er.
- » Tækniframfarir verða svo þegar nýjar uppgötvanir leiða til þess að hægt er að skapa aukin verðmæti með sömu framleiðsluþáttum. Tækniframfarir eru megingrundvöllur þess að hægt sé að ná langtímaaukningu í hagvexti á mann. Stjórnvöld geta stuðlað að tækniframförum með ýmsum hætti, fyrst og fremst þó með öflugu og skilvirku rekstrarumhverfi.

Það má því segja að þróun lífskjara ráðist af því hversu vel tekst til við að stuðla að vexti og viðgangi framleiðsluþátta hagkerfisins. Með þetta í huga sést hversu mikilvægt er fyrir stjórnvöld að skapa hagfellt rekstrarumhverfi sem dregur til sín fjármagn og hæft starfsfólk um leið og hvatt er til tækniframfara með nýsköpun og frumkvöðlastarfi.

## **HVAÐ EINKENNIR GOTT REKSTRARUMHVERFI?**

Þó það sé engin einföld uppskrift að samkeppnishæfu rekstrarumhverfi má þó segja að nokkrir þættir hafi afgerandi áhrif á ákvörðun fyrirtækja um aðsetur starfsemi sinnar.

- » Efnahagslegur og pólitískur stöðugleiki
- » Hagfelld skattaumhverfi
- » Sjálfbær rekstur hins opinbera
- » Skynsamlegt umfang starfsemi hins opinbera
  - › Keppir ekki of harkalega við atvinnulífið um fjármagn og vinnuafli
  - › Hagfelld verkaskipting til staðar á milli atvinnulífs og hins opinbera
- » Samkeppnishæfur vinnumarkaður, m.t.t. launa, gæða og sveigjanleika
- » Möguleikar á aðgengi að og skilvirkri nýtingu á náttúruauðlindum
- » Hagfelld fjármögnunarumhverfi
- » Skilvirk og nútímaleg alhliða fjármálaþjónusta
- » Gott regluverk og samkeppnisumhverfi
- » Stöðugur gjaldmiðill og trúverðug peningastefna
- » Gott aðgengi að mörkuðum og litlar hindranir í utanríkisviðskiptum
- » Sterk ímynd lands/svæðis og trúverðugleiki á alþjóðavettvangi
- » Góðir samfélagslegir innviðir

Þetta er að sjálfsögðu ekki tæmandi listi en takist stjórnvöldum að uppfylla öll þessi skilyrði er ólíklegt annað en að framtíðargrundvöllur Íslands verði sterkur. Sameiginlega mynda þessir þættir kjöraðstæður innan hagkerfisins fyrir uppbyggingu fjármagns og aukin gæði vinnuafli. Hvort tveggja væri til þess fallið að stuðla að öflugum langtímahagvexti og batnandi lífskjörum.

„Óvissu í rekstrarumhverfi fyrirtækja verður að eyða. Það er grundvallarforsenda þess að laða að nýjar fjárfestingar til Íslands, en um þessar mundir treysta erlendir fjárfestar sér ekki til að fjármagna verkefni eða fyrirtæki hérlendis.“

Forsvarsmaður fyrirtækis með erlenda starfsemi

## **HELSTU ÁSKORANIR Í KJÖLFAR FJÁRMÁLAKREPPU**

Það er enginn einn mælikvarði á samkeppnishæfni hagkerfa. Reglulega er þó reynt að leggja hlutlægt mat á samkeppnishæfi, þar sem stuðst er við spurningakannanir og samblöndu af hagvísum. Þar er reynt að taka tillit til flestra ofangreindra þátta auk annarra mælikvarða. Árin fyrir hrun bankanna mældist Ísland tiltölulega hátt á slíka mælikvarða enda lífskjör hér góð, samfélagsinnviðir sterkir, vinnumarkaður samkeppnishæfur og skuldastaða ríkissjóðs hagfelld.

Í kjölfar fjármálakreppunnar varð talsverð breyting á og skera ákveðnir þættir rekstrarumhverfisins sig úr. Í fyrsta lagi hafa starfsemi og fjármál hins opinbera tekið stakkaskiptum þar sem skuldastaða hefur hríðversnað og mikill halli hefur myndast á rekstri hins opinbera. Við þessu hafa stjórnvöld þurft að bregðast með ýmsum hætti. Auk þess hafa orðið stjórnarskipti frá þeim tíma og eðlilega hafa áherslur nýrrar ríkisstjórnar ekki verið þær sömu og fyrri stjórnar.

Í öðru lagi hefur orðið skörp breyting á fjármögnunar- og samkeppnisumhverfinu. Fjármálakreppan hafði bein áhrif víða enda ollu gengisveiking, háir vextir og verðbóluskot sem fylgdu hruni bankanna verulegum skuldavanda hjá stórum hluta atvinnulífsins. Úrlausn þess vanda og endurskipulagningu bankakerfisins hafa fylgt ýmsir hnökrar á fjármögnunar- og samkeppnisumhverfinu. Á þessu ber að hafa nokkurn skilning, enda féll ríflega 85% af fjármálakerfinu í valinn og því um einstaklega umfangsmikinn vanda að ræða. Samhliða lokaðist fyrir aðrar fjármögnunarleiðir, s.s. beina fjármögnun í gegnum verðbréfamarkaði og erlenda fjárfestingu.

Í þriðja lagi fylgdi fjármálakreppunni gjaldeyriskreppa. Krónan hrundi og á tímabili var ekki fyrir séð hvort aðgengi að alþjóðlegu stórgreiðslukerfi myndi hreinlega lokast. Í kjölfar efnahagsáætlunar AGS hefur tekist að ná tókum á vandanum en til þess þurfti þó stuðning gjaldeyrishafta. Staða peningamála er þó enn í algjöru uppnámi og ekki fyrir séð með hvaða hætti stjórnvöld hyggjast haga þeim í framtíðinni. Stjórnvöld eru nú klofin í afstöðu sinni til gjaldmiðilsmála og engin skýr stefna uppi á borðum.

Að lokum hefur fjármálakreppan haft verulega neikvæð áhrif á trúverðugleika Íslands á alþjóðlegum vettvangi. Vegur þar þyngst trúverðugleiki fjármálamarkaða. Traust á hagkerfinu byggir að miklu leyti á framkvæmd efnahagsáætlunar stjórnvalda og AGS framgangur hennar því nauðsynlegur. Í því samhengi er seinkun á úrlausn Icesave-málsins óheppileg en nái stjórnvöld fram betri samningum og sátt um málið má telja þá tölfrétt lätanlega.

12

Umfjöllun skýrslunnar mun í meginráttum byggja á þessum fjórum málaflokkum. Þrátt fyrir að undir þá falli ekki öll vandamálín í rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja um þessar mundir þótti rétt að afmarka umfjöllun við þau svið þar sem skaðinn hefur orðið hvað mestur. Eins má segja að margir aðrir tímabundnir hnökrar í rekstri, t.a.m. hrun í eftirspurn, séu óbein afleiðing af þeim vanda sem tengist ofangreindum fjórum málaflokkum.

„Sennilega er hættulegasta setningin sem oft heyrst um þessar mundir: „Við skulum bíða, það er svo mikil óvissa.“ Biðstaða í faðmi ríkis og banka býr ekki til nýtt Ísland heldur gamalt Ísland og ógnar meira en nokkuð annað framtíðarkjörum Íslendinga.“

Forsvarsmáður fyrirtækis í fjármálastarfsemi

Að endingu er vert að minnast á þá staðreynd að flestar þær áskoranir sem greint er frá hér að ofan tengjast óvissu með einum eða öðrum hætti. Þannig er t.a.m. ekki ljóst hvort ríkisfjármál hérlendis reynist sjálfbær til lengri tíma eða hvert stjórnvöld stefna í skattamálum. Sú staða sem er uppi í fjármögnunar- og samkeppnisumhverfinu skapar mikla óvissu um heppilega stefnu fyrirtækja til lengri tíma. Snögg umskipti í fjárhagsstöðu samkeppnisaðila geta haft veruleg áhrif á rekstrarafkomu fyrirtækja og ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess að meiri víska ríki um aðgengi og kjör fjármögnunar til lengri tíma. Að sama skapi getur óvissa um meðhöndlun fyrirtækja í skuldavanda valdið stjórnendum og eigendum þeirra miklum vandræðum. Staða


peningamála er fullkominni óvissu, raunverulega stefna um hvort taka eigi upp annan gjaldmiðil eða viðhalda íslensku krónunni er ekki til staðar og málefnaleg umræða ekki heldur. Að lokum hafa ýmis pólitísk deilumál skapað umtalsverða óvissu, líkt og lcesave-vandinn.

Það má því segja að stærsta skammtímaverkefni stjórnvalda felist í að draga úr óvissu. Það verður best gert með því að skerpa og kynna þær áætlanir sem lagt er upp með við úrlausn aðsteðjandi vandamála. Í kjölfarið verða stjórnvöld að ganga hratt til verks og koma til framkvæmdar þeim úrbótum á rekstrarumhverfi sem stefnt er að.

## NIÐURSTÖÐUR VIÐHORFSKÖNNUNAR

Fyrsta spurning viðhorfskönnunar var svohljóðandi:

*„Hver eftirtalinnna utanaðkomandi þátta valda mestum erfiðleikum í rekstri þíns fyrirtækis um þessar mundir?“*



Þátttakendur voru beðnir um að velja tvo svarmöguleika, en gátu auk þess merkt við *annað*. Samkvæmt niðurstöðunum eru þeir tveir utanaðkomandi þættir sem flest fyrirtæki nefndu sem vandamál í rekstri sínum almenn *óvissa* (39%) og *veiking krónunnar* (37%).

Eins og umfjöllunin hér að framan gefur til kynna ríkir óvissa á öllum helstu sviðum efnahagslífsins um þessar mundir. Niðurstöðurnar er ekki hægt að túlka öðruvísi en skýrt kall eftir skarpari stefnu stjórnvalda og markvissari aðgerðum til úrbóta rekstrarumhverfis og eflingar atvinnulífs. Nánari greining á niðurstöðunum leiðir í ljós að óvissan er meira afgerandi áhrifaþáttur í rekstri stærri fyrirtækja.

Veiking krónunnar hefur valdið margvíslegum vandræðum fyrir innlend fyrirtæki í forni kostnaðarhækkana og minnkandi eftirspurnar. Auk þess tengja mörg fyrirtæki vafalítið veikingu krónunnar við erfiða skuldastöðu, enda var stærstur hluti atvinnulífsins með skuldbindingar sínar í erlendri mynt. Þrátt fyrir að krónan hafi heldur styrkst á undanförunum vikum á hún langt í land með að ná þeim gildum sem geta talist viðundandi undirstaða atvinnurekstrar í heild. Það þarf ekki að koma á óvart að veiking krónunnar kemur harðast niður á verslun, þar sem 69% fyrirtækja telja hana valda erfiðleikum, samanborið við einungis 24% af sjávarútvegsfyrirtækjum.

Skortur á fjármögnun háir rekstri fyrirtækja í dag, en um 40% fyrirtækja nefndu að háir vextir eða skert aðgengi yllu þeim mestum vanda í rekstri. Hátt vaxtastig vegur þyngst hjá smærri fyrirtækjum, sem má líklega rekja til þess að þau eru háðari skammtímafjármögnun. Auk þess er aðgengi þeirra að lánsfé að mestu leyti í gegnum banka, fremur en fjármagnsmarkaði.

„Það vantar trúverðugleika í samfélaginu til að forsendur geti skapast fyrir frekari uppbyggingu. Bankarnir eru ekki að lána þrátt fyrir að hafa nægt lausafé þar sem vaxtakjör eru í fyrsta lagi afar óhagstæð og í öðru lagi er gagnkvæmur skortur á trausti milli fyrirtækja og banka áþreifanlegur.“

Forsvarsmaður fyrirtækis í byggingariðnaði

Þriðji ríkjandi áhrifaþátturinn er samdráttur í eftirspurn. Samdráttur í einkaneyslu hefur verið gríðarlegur frá hruni bankanna, en spár Seðlabanka Íslands og Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) gera t.a.m. ráð fyrir 16-17% samdrætti í einkaneyslu árið 2009. Á sama tíma hafa fjárfestingar hrapað en ljóst er að eftirspurn margra fyrirtækja byggir á umsvifum á því sviði. Mörg fyrirtæki hafa því þurft laga sig að gjörbreyttu umhverfi, en alls benda tæp 33% fyrirtækja á samdrátt í eftirspurn sem einn af þeim tveimur þáttum sem valdið hafa mestu erfiðleikum. Fyrirtæki í byggingar- og verktakastarfssemi finna mest fyrir áhrifunum en um 44% þeirra benda á samdrátt í eftirspurn sem meginvanda í rekstri. Einnig er áhugavert að fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu finna mun frekar fyrir samdrættinum en fyrirtæki á landsbyggðinni, eða 38% samanborið við 25%.

„Óvissan í íslensku atvinnulífi er að skapa áþreifanlegan kostnað fyrir mitt fyrirtæki. Ég hef þurft að greiða niður erlendar skuldir, greiðslufrestir að andvirði tugum milljóna hafa verið afnumdir og birgjar krafist þess að vara sé fyrirframgreidd. Skellurinn er því gríðarlegur. Áratuga samstarf við birgja er það eina sem komið hefur í veg fyrir frekari kostnaðarhækkun.“

Forsvarsmaður fyrirtækis í fjármálastarfsemi

Ýmislegt er nefnt til sögunnar undir liðnum *annað*, en þar gafst þátttakendum tækifæri á að skilgreina nánar hvað olli þeim erfiðleikum. Fjöldi fyrirtækja nefndi skattahækkanir ríkisstjórnarinnar sem helsta vandamálið. Þá var einnig nokkuð um gagnrýni á sitjandi ríkisstjórn, sem talin var skapa hvað mesta erfiðleika. Einnig voru nokkur fyrirtæki sem kvörtuðu undan lægra framkvæmdarstigi af hálfu hins opinbera. Það er því ljóst að víða eru verulegar áskoranir í rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja.




## STARFSEMI HINS OPINBERA

Stærsti einstaki áhrifaþátturinn á rekstrarumhverfi fyrirtækja er vafalaust starfsemi hins opinbera. Ástæðan er fyrst og fremst fólgin í þeim víðtæku áhrifum sem skattastefna, gæði opinberrar þjónustu og hlutfallsleg umsvif hins opinbera hafa á rekstrarskilyrði hins almenna vinnumarkaðar. Með þetta í huga var gefin út sérstök skýrsla um fjármál hins opinbera í tilefni af Viðskiptaþingi ársins 2010 þar sem gerð er grein fyrir þróun og stöðu í fjármálum hins opinbera og lagðar fram ítarlegar tillögur til úrbóta á því sviði. Engu að síður verður hér dregið á helstu áhrifum fjármálakreppunnar á starfsemi hins opinbera og áhrif þess á rekstrarumhverfi fyrirtækja.

### NIÐURSTÖÐUR VIÐHORFSKÖNNUNAR

Í viðhorfskönnuninni var spurt eftirfarandi spurningar varðandi nýlegar skattabreytingar stjórnvalda:

„Telur þú að skattabreytingar stjórnvalda undanfarið ár muni almennt leiða til fjölgunar eða fækkunar starfsfólks hjá þínu fyrirtæki?“




Af niðurstöðum könnunarinnar má sjá að skattabreytingar stjórnvalda koma til með að hafa veruleg áhrif á atvinnuþróun á almennum vinnumarkaði. Þannig töldu 48% forsvarsmanna fyrirtækja að breytingarnar muni leiða til fækkunar starfsfólks innan síns fyrirtækis en 51% töldu þær ekki myndu hafa áhrif á fjölda starfsmanna. Tæplega 1% fyrirtækja taldi þær stuðla að nokkurri fjölgun. Gera má ráð fyrir að þar sé m.a. um að ræða fyrirtæki sem njóta góðs af þeirri umsýslu, ráðgjöf og uppfærslu hugbúnaðar sem fylgja skattabreytingunum.

Skattabreytingarnar virðast snerta flestar greinar atvinnulífsins en áhrifanna gætir þó í mestum mæli í bygginga- og verktakastarfsemi. Ekki er ólíklegt að þar ráði miklu umfangsmikil hækkun tryggingagjalds sem kemur harðast niður á mannfrekum rekstri. Að sama skapi er ekki ólíklegt að forsvarsmenn verktakafyrirtækja telji mögulegt að stærri hluti starfseminnar færist neðanjarðar vegna skattahækkana, en slíkt er algengara í iðnstörfum en víða annars staðar.

Í könnuninni var einnig spurt um áhrif hins opinbera á samkeppnisumhverfið og var spurningin svohljóðandi:

*Telur þú að einhverjar opinberar stofnanir eða fyrirtæki í opinberum rekstri séu í samkeppni við þitt fyrirtæki eða ekki?*



Forsvarsmenn 40% fyrirtækja í íslensku atvinnulífi telja að opinberar stofnanir eða fyrirtæki í opinberum rekstri eigi í samkeppni við sitt fyrirtæki. Af þessi má ætla að verkaskipting hins opinbera og einkaaðila er ekki eins og best verður á kosið. Umtalsverður munur er á þessum viðhorfum eftir eðli atvinnugreina. Þannig telja einungis 13% fyrirtækja í fiskvinnslu og útgerð sig vera í samkeppni við hið opinbera samanborið við 58% fyrirtækja í bygginga- og verktakastarfsemi og 50% fyrirtækja í þjónustu og verslun. Svo virðist sem stærri fyrirtæki telji sig frekar í samkeppni við hið opinbera, en um 59% fyrirtækja með fleiri en 100 starfsmenn telja svo vera samanborið við um 35% fyrirtækja með 15 starfsmenn eða færri. Að lokum virðast fyrirtæki höfuðborgarsvæðisins frekar finna fyrir samkeppni við opinbera aðila en fyrirtæki á landsbyggðinni, eða 44% samanborið við 34%.

Niðurstöðurnar sýna þó að í flestum atvinnugreinum finna forsvarsmenn fyrirtækja fyrir opinberri samkeppni. Vera má að óumflýjanleg aðkoma hins opinbera að bankakerfinu hafi aukið það hlutfall fyrirtækja sem lýsa slíkum samkeppnisaðstæðum, en stór hluti þeirra sem finna mest fyrir opinberri samkeppni telja einnig að samkeppnisumhverfið hafi skaðast af úrvinnslu bankanna á skuldum fyrirtækja. Nánar verður fjallað um þetta í næsta kafla.

## RÍKISFJÁRMÁL OG REKSTRARUMHVERFIÐ

Eins og á öðrum sviðum efnahagslífsins hafa orðið miklar breytingar á fjármálum hins opinbera í kjölfar hruns íslensku bankanna. Eftir hagfellt skeið með miklum tekjuvexti varð algjör viðsnúningur í rekstri og efnahag hins opinbera árið 2008. Eftir stendur mjög skuldugur ríkissjóður auk þess sem verulegur halli er á ríkisrekstrinum. Til að snúa við þessari erfiðu stöðu er einungis ein leið fær; að auka tekjur og draga úr kostnaði. Framundan er því nauðsynleg aðlögun sem mun skerða almenn lífskjör og hafa umtalsverð áhrif á rekstrarumhverfi fyrirtækja.

Óbein jákvæð áhrif viðsnúnings í ríkisfjármálum eru fjölpætt. Þannig verður hægt að efla lánshæfismat ríkissjóðs og annarra stofnana samfélagsins, stuðla að auknum trúverðugleika krónunnar og styrkingu hennar, ýta undir fjármagnsflæði til landsins og efla þannig langtímagrundvöll atvinnustarfsemi. Allt dregur þetta úr áhættustigi og vaxtakostnaði landsins og stuðlar þannig að betra rekstrarumhverfi. Það er því óumflýjanlegt að grípa fast í taumana við aðlögun ríkisfjármála, en á sama tíma er nauðsynlegt að stjórnvöld gæti þess að lágmarka röskun í starfsemi hagkerfisins vegna aðlögunaraðgerðanna.

„Hið opinbera hefur verið að teygja sig lengra og lengra að undanfögnu inn á okkar markað. Er það eðlilegt að fyrirtæki í opinberri eigu sé að færa út kvíarnar á krepputímum á meðan verið er að kreista lífið úr þeim fyrirtækjum sem staðið hafa af sér kreppuna?“

Forsvarismaður framleiðslufyrirtækis á innlendum

17

Áhersla stjórnvalda í aðlögunarferlinu hefur fram til þessa fyrst og fremst legið í skattahækkunum fremur en hagræðingu útgjalda. Það skýtur skökku við því mikil hagræðing hefur átt sér stað hjá fyrirtækjum og heimilum frá því á haustmánuðum 2008. Þetta endurspeglast í verulegum samdrætti í einkaneyslu, hruni í fjárfestingu einkaaðila, auknum fjölda gjaldþrota fyrirtækja, meira en 10 þúsund töpuðum störfum og lækkanði launum á almennum vinnumarkaði. Þær íþyngjandi skattabreytingar sem lagðar hafa verið á atvinnulífið og heimili að undanfögnu eru síst til þess fallnar að styðja við markmið um aukna verðmætasköpun og stuðla þannig að því að jafnvægi náist á vinnumarkaði.

Mun nánar er fjallað um fjármál hins opinbera í skýrslu þingsins, sem er tileinkuð viðfangsefninu. Þar er gerð grein fyrir óhagfelldri útgjaldaþróun síðustu ára, vanköntum við skattabreytingar stjórnvalda og öðrum leiðum við úrlausn vandans en þær sem stjórnvöld hafa fetað.

„Þær umfangsmiklu aðgerðir sem ráðist hefur í eru rétt að byrja að koma á yfirborðið. Allar þær breytingar sem hafa verið til umfjöllunar í fjölmiðlum eru einungis þær allra stærstu. Ég býst fastlega við því að þegar líða tekur á árið og forsvarsmenn fyrirtækja sjá hver raunveruleg áhrif allra þessa breytingu eru þá muni óánægja stigmagnast.“

Ráðgjafi í skattamálum fyrirtækja markaði

## UMSVIF HINS OPINBERA Á SAMKEPPNISMARKAÐI

Miklu máli skiptir hver hlutfallsleg umsvif hins opinbera eru í hagkerfinu. Þetta hefur ekki eingöngu með þá staðreynd að gera að auknum ríkisumsvifum fylgja auknar skattaálögur með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á rekstrarumhverfið, heldur má almennt segja að því meiri sem umsvif hins opinbera eru því minna svigrúm er til staðar fyrir starfsemi einkaaðila. Framleiðnivöxtur er meiri innan einkageirans heldur en hjá hinu opinbera og það er því grunnforsenda langtímahagsældar að kraftar einkaframtaksins séu nýttir til hins ítrasta. Að sama skapi gildir að því minna sem hið opinbera er í samanburði við einkageirann því sterkari er rekstrargrunnur þess.

„Nauðsynlegt er að stjórnvöld og aðrir opinberir aðilar dragi úr starfsmannafjölda og lækki launakostnað með sama hætti og fyrirtæki hafa verið knúin til að gera í þeim mikla samdrætti, sem nú er. Flestir einstaklingar sem eru á atvinnuleysisrá voru áður starfsmenn einkafyrirtækja og hafa sumir þeirra jafnvel misst störf sín vegna skattahækkana á fyrirtækin. Opinberir starfsmenn hljóta að þurfa að bera sambærilega byrði varðandi lækkun launa og starfsöryggi eins og starfsmenn einkafyrirtækja ef jafnræði á að ríkja í samfélaginu.“

Forsvarsmáður fyrirtækis á innlendum neytendamarkaði

Það er því alvarlegt vandamál ef einkaaðilar þurfa að keppa af miklum krafti við hið opinbera um þá framleiðsluþætti sem til staðar eru í hagkerfinu. Með þessu er fyrst og fremst vísað til vinnuafis og fjármagns. Fjármálastefna hins opinbera á undanförunum árum endurspeglar skilningsleysi á samspili einkageirans og hins opinbera.

18

Nærtækt dæmi er fjölgun ríkisstarfsmanna, en á tímabilinu 2000-2009 fjölgaði opinberum starfsmönnum um 30% og starfsmönnum í opinberri stjórnarsýslu um 55%. Á sama tíma fjölgaði starfsmönnum á almenna vinnumarkaðinum um 3%. Það er vægast sagt óheppilegt að á sama tíma og gríðarlegur skortur var á starfsfólki innan almenna vinnumarkaðarins skuli stjórnvöld hafa dregið til sín aukinn hluta vinnuafsisins.

Á sama tíma ýttu stjórnvöld verulega undir hækkandi vaxtastig með breytingum á húsnæðislánakerfinu og umfangsmiklum stóriðjuframkvæmdum. Heppilegra hefði verið að dreifa framkvæmdum yfir lengri tíma til að draga úr þensluáhrifum sem af þeim leiddu. Þannig var stuðlað að enn frekari samkeppni um fjármagn en ástæða var til og sköpuðu stjórnvöld mikil ruðningsáhrif innan hagkerfisins. Að lokum er ljóst að stjórnvöld sinntu áfram margskonar starfsemi sem fátt mælir gegn að væru í höndum hins almenna vinnumarkaðar. Má þar nefna verkefni eins og pósthjónustu auk fjölmiðla- og fasteignareksturs.

„Opinber fyrirtæki eru alveg hætt að bjóða starfsemi út. Það er verið að „innhýsa“ þeim verkefnum sem ráðuneytin eru að sinna þó svo að oft og tíðum sé nægileg þekking ekki til staðar. Á meðan bíða vel menntaðir sérfræðingar í einkageiranum á hliðarlínunni eftir verkefnum, en fá þau ekki.“

Forsvarsmáður ráðgjafafyrirtækis

## Breytt staða í kjölfar fjármálakreppunnar

Í kjölfar fjármálakreppunnar hefur staðan breyst talsvert. Ekki ríkir sama samkeppni um starfsfólk í ljósi þess að atvinnuleysi er nú orðið verulegt. Áhrif hins opinbera eru því mun takmarkaðri á því sviði en áður. Aftur á móti hefur samkeppni þess við fyrirtækin í landinu um fjármagn og verkefni aukist verulega.

Eins og nefnt var hér að ofan hefur skuldastaða ríkissjóðs gjörbreytt til hins verra. Auk þess gerir áætlun stjórnvalda ráð fyrir að halli verði á rekstri þess næstu þrjú árin. Það er því ljóst að ríkið mun taka til sín umtalsverðan hluta af því fjármagni sem í boði er á komandi árum. Mikil áhættufælni á mörkuðum ýtir enn frekar undir þessa þróun, enda eru ríkisþappírar nú taldir áhættuminnsti fjárfestingakosturinn.

Samkeppni um verkefni hefur breyst af tveimur ástæðum. Annars vegar hefur ríkið þurft, af óumflýjanlegum ástæðum, að taka á sínar herðar hluta af fjármálakerfinu. Þrátt fyrir að nokkuð vel hafi tekist til við endurskipulagningu eignarhalds bankanna stendur ríkið eftir með takmarkaðan eignarhlut í tveimur bönkum en fullan eignarhlut í þeim þriðja. Því má segja að í gegnum eignarhlut sinn í bönkunum hafi ríkið óbein áhrif á samkeppnisumhverfið. Með hliðsjón af fyrirkomulagi eignaumsýslu innan bankanna má segja að nokkur fjöldi fyrirtækja, annarra en bankanna, sé kominn í ríkiseign. Það er mikilvægt að starfsemi þeirra sé háttað með eins faglegum og gagnsæjum hætti og mögulegt er til að koma í veg fyrir ádeilu og óheppileg samkeppnisáhrif.

Hitt vandamálið snýr að þeim verkefnum sem fram til þessa hafa verið fjármöggnuð af hinu opinbera og í kjölfarið úthýst til einkaaðila. Töluverðrar afstöðubreytingar gættir í þessum málaflokki og verður hennar vart á ýmsum sviðum. Þannig hefur dregið verulega úr úthýstum stórframkvæmdum og stjórnvöld hafa beinlínis gefið út þau tilmæli að tilfallandi verkefnum ríkisstofnana skuli úthýst í sem minnstum mæli til að verja opinber störf. Til marks um „árangur“ þessarar stefnu hefur opinberum störfum fjölgað um 300 á milli árána 2008 og 2009 á sama tíma og störfum fækkaði verulega á almennum markaði með tilheyrandi atvinnuleysi.

„Stjórnvöld leggja meiri áherslu á að skattleggja sig úr vandanum en að greiða úr hinum raunverulega undirliggjandi vanda sem felst í útpenslu hins opinbera undanfarin ár. Stofnanir hafa þanist út í skjóli þeirrar umræðu að um aukin umsvif í hagkerfinu sé að ræða. Nú hefur þetta snúist við í hagkerfinu en hið opinbera dregur lappirnar og heldur gangandi stofnunum sem eru ofmannaðar miðað við hápunkt góðærisins. Er þetta virkileg eðlilegt?“

Forsvarsmáður framleiðslufyrirtækis á innlendum markaði

Hið opinbera ætti að afmarka starfsemi sína við þau verkefni sem því fellur best að sinna. Að sama skapi ættu stjórnvöld að stefna markvisst að því að lágmarka þá röskun sem starfsemi hins opinbera skapar á fjármagns- og vinnumarkaði. Með þeim hætti styrkja þau rekstrarumhverfi, efla atvinnulíf, draga úr atvinnuleysi og treysta þá tekjugrunna sem starfsemi hins opinbera byggir á.

## ÁHRIF ÝMISSA ÁKVARÐANA HINS OPINBERA

Að lokum er vert að minnast á áhrif beinna stjórnvaldsaðgerða á rekstrarumhverfi fyrirtækja. Stjórn mála leigur stöðugleiki er æskilegur þáttur í rekstrarumhverfi fyrirtækja en þar vegur fyrirsjáanleiki í stefnu stjórnvalda í atvinnumálum þungt.

Núverandi stjórnvöld hafa undanfarið sýnt lítinn skilning á þessari staðreynd þar sem ákvarðanir þeirra hafa ítrekað hindrað framgang atvinnuuppbyggingar með beinum hætti. Þer þar helst að nefna ákvarðanir umhverfisráðherra sem tengjast uppbyggingu stóriðju hérlendis. Nýjasta dæmið er synjun ráðherra á staðfestingu skipulagsbreytingar varðandi Þjórsárvirkjanir, en áður höfðu átt sér stað umdeildar ákvarðanir varðandi álver á Bakka og lagningu suðurlínu vegna álvers í Helguvík. Fjárfesting í útflutningsgreinum er mikilvægur liður í enduruppbyggingu hagkerfisins og lykilorsenda varanlegs hagvaxtar. Það er því miður að stjórnvöld skuli hindra endurreisn hagkerfisins með þessum hætti.

„Trúverðugleiki Íslands ræðst af leikreglunum. Ef leikreglurnar eru ekki skýrar og stöðugar þá er alveg á tæru að erlendir fjárfestar munu ekki vilja koma hingað til lands þrátt fyrir gnægð tækifæra.“

Forsvarsmaður framleiðslufyrirtækis

20

Fyrningarleið í sjávarútvegi er annað mál sem setur mikilvægustu útflutningsgrein landsins í uppnám. Vegna fjárfestingar í aflaheimildum og fastafjármunum auk óhagfelldrar gengisþróunar bera flest sjávarútvegsfyrirtæki umtalsverðar skuldir um þessar mundir. Flest bendir þó til að sjávarútvegurinn geti staðið að mestu undir skuldbindingum sínum að öðru óbreyttu, þó líklegt sé að hjá einhverjum félögum þurfi að koma til skuldaaðlögunar.

Með fyrningaleiðinni væri skipulagi greinarinnar hins vegar kollvarpað með tilheyrandi neikvæðum áhrifum. Ósennilegt er að mörg félög í sjávarútvegi gætu staðið undir núverandi skuldabyrði yrði sú leið farin, sem aftur myndi leiða til að afskrifa þyrfti skuldir þeirra. Auk þeirrar hagrænu röskunar sem fjöldi gjaldþrota í sjávarútvegi hefði í för með sér má gera ráð fyrir að verulegur hluti kostnaðar myndi lenda á íslensku bönkunum, sem myndi rýra rekstrargrunn þeirra og eiginfjárstöðu. Jafnframt er mögulegt að verðmæti innan sjávarútvegs í formi þekkingar á veiðum, vinnslu og sölu sjávarafurða myndu glatast sem þyrfti að byggja að hluta upp að nýju. Stefni stjórnvöld að kerfisbreytingum í sjávarútvegi er afar mikilvægt að þær byggji á vel grunduðu hagsmunamati sem ætti sér stað í góðu samstarfi við atvinnugreinina.

„Það sem helst er að plaga útgerðarfyrirtæki við núverandi ástand er stöðug ógn yfirvalda um fyrningarleið kvóta. Skapa verður varanlega sátt til frambúðar um stefnu í sjávarútvegs málum.“

Forsvarsmaður fyrirtækis í sjávarútvegi

Að lokum er ástæða til að vara við hættu af fljótfærnislegum breytingum á öðrum sviðum atvinnulífsins. Í kjölfar hremminga af því tagi sem hér hafa gengið yfir er hætt við að stjórnvöld gangi lengra í að herða á regluverki og stofnanaumhverfi en nauðsyn krefur. Með þessu er ekki verið að mæla því mót að gagnrýnin naflaskoðun fari fram með úrbætur í huga. Læra þarf af reynslunni og koma í veg fyrir að þróun síðustu ára endurtaki sig. Engu að síður má ekki ganga of langt og yfirskjóta í kerfisbreytingum. Íslensk fyrirtæki verða að vera samkeppnishæf til að uppbygging geti átt sér stað með kraftmiklum hætti. Liður í því er að búa við einfalt og skilvirkt regluverk og stofnanaumhverfi. Í því samhengi ættu stjórnvöld að horfa til þeirrar þróunar sem á sér stað á mörkuðum erlendis auk þess að leitast eftir samstarfi við hagsmunaaðila í röðum atvinnulífs, stjórnsýslu og til annarra sérfræðinga.

Ljóst er af ofangreindri umfjöllun að starfsemi hins opinbera snertir rekstrarumhverfi fyrirtækja á fjölpættan hátt. Þegar allt kemur til alls er það fyrst og fremst í höndum stjórnvalda að móta hagfellt rekstrarumhverfi og skapa þannig jarðveg fyrir verðmætasköpun og bætt lífskjör. Það er engum vafa undirorpið að rekstrarskilyrði íslenskra fyrirtækja hafa yfirleitt verið betri en um þessar mundir. Því er enn brýnna en ella að stjórnvöld haldi rétt á spilunum og styrki rekstrarumhverfi með ákvörðunum sínum fremur en hið gagnstæða.

## FJÁRMÖGNUNAR- OG SAMKEPPNISUMHVERFI

Mikilvægur þáttur í endurreisn íslenska hagkerfisins er að skapa skilvirkt og gagnsætt banka- og samkeppnisumhverfi. Fyrirtæki þurfa að reiða sig á styrkleika innlends bankakerfis þegar kemur að fjármögnun og annarri fjármálaþjónustu. Fyrir hrún bankanna var aðgengi íslenskra fyrirtækja að lánsfé tiltölulega auðvelt, bæði með beinni fjármögnun (hlutabréfa-, skuldabréfa- og peningamarkaður) og óbeinni í gegnum bankakerfið.

Í kjölfar bankahrunsins gjörbreyttist staðan. Skuldastaða fyrirtækja versnaði til muna vegna gengisfalls krónunnar, verðtryggingar skulda og hárra vaxta. Slæm staða margra fyrirtækja hefur gert það að verkum að bankar hafa í auknum mæli komið að eignarhaldi þeirra. Í kjölfarið er hætt við því að samkeppni raskist við uppstokkun á eignarhaldi og skuldum.

22

Umhverfi fjármögnunar versnaði einnig verulega, bæði fyrir fyrirtæki í vexti og góðum rekstri og þau sem verr voru sett. Aukin áhættufælni og háir stýrivextir Seðlabankans urðu til þess að fjármögnun í gegnum hlutabréfa-, skuldabréfa og peningamarkaði hvarf og óbein fjármögnun í gegnum banka skertist verulega. Í kjölfar hrunsins þróaðist bankakerfið frá því að þjóna þörfum heilbrigðs viðskiptalífs í að takmarka það tjón sem þegar var orðið að veruleika.

Margt fór úrskeiðis í kjölfar bankahrunsins en mikilsvert er að þó var komið í veg fyrir kerfishrun, sem töluverð hætta var á. Greiðslumiðlun innanlands var með eðlilegum hætti þrátt fyrir það efnahagslega fávíðri sem geisaði. Greiðslumiðlun til útlanda var einnig haldið opinni þó svo að kerfið væri þyngra í vöfum. Ljóst má vera að í því felst ákveðið þrekvirki að þessum kerfum var haldið gangandi.

Þrátt fyrir að halda mætti því fram að bankarnir hafi verið endurreistir, með nýja efnahagsreikninga og eigendur, þá er mikið verk óunnið við að efla innra starf og byggja trúverðugleika til að þeir geti stutt af skilvirkni við atvinnulífið. Enn vantar töluvert upp á að þau úrræði sem eru í boði þjóni þörfum fyrirtækja með ásættanlegum hætti.


Sú umgjörð atvinnulífs sem nú eru lögð drög að er afar mikilvæg fyrir framtíð Íslands. Breytingar og stefnumörkun dagsins í dag verða arfleifð næstu kynslóða. Því hlýtur það að vera forgangsmál stjórnmalaforystunnar að búa atvinnu- og efnahagslífi umhverfi sem hámarkar líkur á hagvexti og hagsæld.



## NIÐURSTÖÐUR VIÐHORFSKÖNNUNAR

Í viðhorfskönnuninni var eftirfarandi spurninga lögð fram varðandi skuldaúrræði viðskiptabankanna:

*Telur þú að þau úrræði sem í boði hafa verið hjá viðskiptabönkum vegna skuldavanda fyrirtækja gagnist þínu fyrirtæki vel eða illa?*



Samkvæmt niðurstöðum könnunar Viðskiptaráðs þá nýttu 45% fyrirtækja sér skuldaúrræði bankanna. Af þeim fyrirtækjum sem nýta úrræðin þá telja tæplega 9% að úrræðin gagnast vel en 56% fyrirtækja telja úrræðin gagnast illa. Um 35% segja úrræðin hvorki gagnast vel né illa. Ef horft er til allra fyrirtækja, bæði þeirra sem nýta úrræðin og þeirra sem nýta þau ekki, þá eru einvörðungu 4% sem segja að úrræðin gagnast þeim vel. Af þessu má sjá að almennt viðhorf forsvarsmanna íslenskra fyrirtækja er að úrræði viðskiptabankanna gagnast fyrirtækjum ekki sérlega vel.

Þá var einnig kannað hvort bankarnir hefðu áhrif á samkeppnisumhverfið með endurskipulagningu á fjárhag fyrirtækja en spurningin var eftirfarandi:


*Telur þú að úrræði bankanna vegna skuldavanda fyrirtækja hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á samkeppnisumhverfi þíns fyrirtækis? (mynd á næstu síðu)*

Í könnun Viðskiptaráðs kemur skýrt fram að margir telja úrræði bankanna skaða samkeppnisumhverfi. Tæplega helmingur fyrirtækja telur úrræðin hafa neikvæð áhrif á samkeppnisumhverfi. Af þeim fyrirtækjum sem skuldaúrræði bankanna gagnast mjög illa telja 73% að þau hafi neikvæð áhrif á samkeppnisumhverfið.

Athyglisvert er að marktækur munur reyndist á áhrifum skuldaúrræða bankanna eftir því hvort fyrirtæki voru í samkeppni við hið opinbera eða ekki. Af þeim fyrirtækjum sem sögðu að þau væru í samkeppni við hið opinbera þá sögðu 54% þeirra að skuldaúrræðin hafi slæm áhrif á samkeppnisstöðu síns fyrirtækis. Af þeim fyrirtækjum sem töldu sig

ekki í samkeppni við hið opinbera þá voru einungis 36% sem töldu úrræðin hafa slæm áhrif á samkeppnisumhverfið.

Eftirfarandi mynd sýnir hlutföll þeirra sem telja skuldaúrræði bankanna hafa áhrif á samkeppnisumhverfi síns fyrirtækis.



*Telur þú að úrræði bankanna vegna skuldavanda fyrirtækja hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á samkeppnisumhverfi þins fyrirtækis?*

24

## ENDURSKIPLAGNING BANKAKERFISINS

Sem von er hefur endurskiplagning bankanna tekið tíma. Ferlið hófst í lok september 2008 með þjóðnýtingu Glitnis og lauk í desember 2009 þegar fyrirkomulag eignarhalds og aðkomu hins opinbera var tilkynnt með formlegum hætti. Skilanefndir gömlu bankanna, fyrir hönd kröfuhafa Glitnis og Kaupþings, nýttu sér þann möguleika að eignast nýju bankanna vegna krafna þeirra á gömlu bankanna. Landsbankinn mun áfram vera að stærstum hluta í eigu ríkisins. Aðild kröfuhafa að eignarhaldi bankanna veldur því að fjárbinding hins opinbera verður umtalsvert minni enn upphaflega var gert ráð fyrir.

Bankarnir hafa glímt við ærin verkefni undanfarna mánuði. Skuldavandi fyrirtækja og einstaklinga er erfiður úrlausnar eins og reynsla undanfarinna mánaða sýnir. Úrræði hafa verið umdeild og samræmingu skort milli fjármálastofnanna hvernig tekið er á málum fyrirtækja og einstaklinga. Að auki hafa bankarnir þurft að fást við mikla óvissu um framtíðareignarhald og stefnuleysi af hálfu stjórnvalda sem tafið hefur uppbygginguna.

„Auk samkeppnislegra vandamála sem leiða af yfirtökum banka á fyrirtækjum þá vantar talsvert uppá að skýrar reglur gildi þar um. Á það sérstaklega við um gegnsæi þessara gjörninga þar sem skortur er á samræmdum reglum á meðal bankanna.“

Forsvarsmaður fyrirtækis á neytendamarkaði

## Óvissa um fjármögnun bankanna

Þrátt fyrir að endurskipulagningu bankakerfisins sé lokið þá á enn eftir að finna langtímafjarveg fyrir fjármögnun nýju bankanna. Í dag byggir hún annars vegar á innlánum frá einstaklingum, fyrirtækjum eða fjárfestum og hinsvegar á skuldabréfi sem er krafa gömlu bankanna á þá nýju. Ólíklegt er að bankarnir geti gefið út skuldabréf til að fjármagna starfsemi sína á næstunni og því líklegt að fjármögnunin verði bundin að mestu við innlán eða fjármagn eigenda.

Endurfjármögnun bankanna er hins vegar forsenda þess að bankakerfið skreppi ekki saman að því marki að það verði einvörðungu fjármagnað með innlánum og eigin fé. Ef svo færi yrði kerfið vanmáttugt sökum smæðar bankanna og um leið ófært um að þjóna starfsemi innlendra fyrirtækja á fullnægjandi hátt. Svo bankarnir séu í stakk búnir til að veita íslensku atvinnulífi nauðsynlega fyrirgreiðslu verður sem fyrst að huga að fjármögnun þeirra til lengri tíma. Um leið skýrir það framtíðarhorfur margra íslenskra fyrirtækja.

## Hámörkun langtímahagnaðar eða hámarksendurheimtur

Óvissa um langtímafjármögnun bankakerfisins og áherslur nýrra eigenda hafa vakið áleitnar spurningar um hvort hagsmunaárekstrar gætu truflað eðlilega starfsemi þess. Þeir sem nú standa að baki skilaneftundunum eru kröfuhafar gömlu bankanna, skuldabréfaeigendur sem og aðrir kröfuhafar.

Vegna eignarhalds bankanna og aðstæðna atvinnulífs er hætt við að áherslur í starfi þeirra gangi frekar út á að hámarka endurheimtur eigna fremur en að stuðla að skilvirkum rekstri og arði á grunni vaxtamunar og þóknunatekna. Út frá sjónarmiði eigenda bankanna er það eðlileg ráðstöfun en þegar litið er til heildarhagsmuna þá getur það skapað þjóðhagslegt tap.

„Vel má vera að áhættusæknin hafi verið komin út í öfgar í íslensku atvinnulífi en í dag hefur staðan snúist við og enginn þorir að gera nokkurn skapaðan hlut vegna áhættu- og ákvarðanafælni. Ákvarðanataka er ákaflega seinvirk og það á einkum við um banka og fjármálastofnanir. Þetta hefur síðan lamandi áhrif á fyrirtækjarekstur og atvinnulíf. Við verðum af miklum tækifærum. Uppbyggingin verður hægari og samdrátturinn lengri en þyrfti.“

Forsvarsmaður fyrirtækis á neytendamarkaði

Þannig væri frekar horft til skemmri tíma en lengri og að arður eigenda fælist í hækkun á söluverði skuldabréfa þeirra í bönkunum fremur en undirliggjandi hagkvæmum rekstri. Mögulegt er að þetta ýti undir óheppileg vinnubrögð, á borð við að lítt lífvænlegum fyrirtækjum sé haldið gangandi vegna greiðslufæðis til skemmri tíma, með óheppilegum afleiðingum fyrir samkeppnisumhverfi og á endanum einnig hag neytenda. Að auki er hugsanlegt að bankarnir gangi harðar fram í heimtum og viðskiptakjörum gagnvart fyrirtækjum sem standa vel, sem er á skjön við eðlilegt samræmi áhættu og ávöxtunar.

## Sligandi skuldir

Lungi íslenskra fyrirtækja glímur er skuldsettur um of. Skuldir hafa aukist umtalsvert vegna gengislækkunar, hárra vaxta og hækkandi verðlags en á sama tíma hafa tekjur dregist saman og verðmæti eigna fallið. Eigið fé fjölda fyrirtækja er neikvætt og við þeim blasir þrot ef ekkert er að gert. Við lok þriðja ársfjórðungs á síðasta ári var hlutfall gengistryggðra skulda fyrirtækja við bankakerfið í kringum 70%. Þetta vandamál er því augljóslega samtengt íslensku krónunni og þeirri gjaldeyriskreppu sem hefur átt sér stað hérlandis.

Áætlað er að íslenskum fyrirtækjum megi skipta í þrjá hluta eftir rekstrarstöðu þeirra. Gert er ráð fyrir að um þriðjungur eigi við alvarleg skulda- eða rekstarvandamál að stríða, einn þriðji þarfnist vöktunar og stuðnings til að standa skil á skuldbindingum og að þriðjungur sé í góðum rekstri og geti staðið undir skuldbindingum.

Vandamálum fyrirtækja má svo skipta í tvo grunnflokka. Annars vegar rekstarvanda þar sem fyrirtæki hafa jákvætt sjóðstreymi en standa ekki undir núverandi greiðslubyrði skulda. Þau fyrirtæki eru lífvænleg og þurfa einungis tímabundnar aðgerðir til að komast yfir erfiðasta hjallinn svo komið sé í veg fyrir óþarfa gjaldþrot. Hins vegar snýr vandinn að þeim fyrirtækjum sem eiga í skuldavanda og fyrirséð er að þau geti ekki staðið undir skuldunum á komandi árum. Leiðir til úrlausna miða að því að meta hvort rekstargrundvöllur sé til staðar þegar núverandi erfiðleikatímabili lýkur. Ef rekstargrundvöllur er ekki til staðar þá ætti að selja fyrirtækin eða setja þau í slitameðferð.

26

## Endurskipulagning fyrirtækja

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gaf nýlega út skýrslu um endurskipulagningu skulda fyrirtækja í kjölfar fjármálakreppu. Í skýrslunni tilgreinir sjóðurinn tvö lykilatriði sem skal fylgja við endurskipulagningarferlið til að styðja við skjóta endurreisn hagkerfisins.

Þau eru að:

- » Auðvelda upplausn óarðvænlegra fyrirtækja sem ólíklegt er talið að geti skilað viðvarandi hagnaði.
- » Stuðla að skjótri endurskipulagningu skulda hjá arðvænlegum fyrirtækjum og auðvelda aðgengi að nægilegri fjármögnun.

Ef tilmælum af þessum toga er ekki fylgt og ekki tekið markvisst á vanda illa staddra fyrirtækja er hætt við að uppvakningum í atvinnulífinu (e. zombie companies) fjölgi. Víða um lönd, t.a.m. í Japan, má finna dæmi um að slík nálgun teji fyrir endurreisn. Þó svo bankar sleppi til skemmri tíma við að sýna tap í bókum sínum, þá eru afleiðingarnar almennt óheppilegar fyrir atvinnulíf og bata hagkerfisins vegna þess að verðmætasköpun á grunni slíkra fyrirtækja er yfirleitt lítil sem engin.

EKKI þarf að fara mörgum orðum um mikilvægi þess að samfélagslegur skaði af langvarandi stöðnun sem þessari verði ekki reyndin hérlandis. Því verður að taka markvisst á vanda þeirra fyrirtækja sem eru lífvænleg svo flýtt sé fyrir endurreisn þeirra.

Að sama skapi þarf að greiða leið annarra fyrirtækja, sem ekki geta talist lífvænleg, til formlegrar greiðslustöðvunar og slitameðferðar. Með þessu móti verður aðlögun hagkerfisins skjótari og stuðlar að því að efla hagvöxt hérlendis á komandi misserum.

Frestun á vandanum er eingöngu til þess fallin að lengja og dýpka efnahagslæðina og því er mikilvægt að innlendar fjármálastofnanir taki af skarið og leysi úr þeim vandræðum sem mögulegt er að taka á í dag, samfélaginu til heilla.


„Þegar gífurlegur samdráttur verður í eftirspurn á markaði, eins og á Íslandi, er mikilvægt að lögmál markaðarins séu virk um hvernig samdráttur verður á framboði einstakra fyrirtækja. Inngrip ríkisbanka með endurreisn gjaldþrota fyrirtækja skapar hættu á að samkeppnisaðilar þeirra lendi í verulegum rekstrarvanda, sem gæti endað með keðjuverkun gjaldþrota. Því er mjög óeðlilegt að ríkisbanki haldi uppi harðri samkeppni með endurreistum fyrirtækjum, við þau fyrirtæki sem enn standa kreppuna af sér.“

Forsvarsmaður fyrirtækis á innlendum neytendamarkaði

### Gjaldprotum fyrirtækja fjölgar

Í kjölfar efnahagshrunsins varð líkt og áður segir mikill samdráttur í eftirspurn með tilheyrandi neikvæðum afleiðingum fyrir rekstrargrunn margra fyrirtækja. Aukning í greiðslustöðvunum og gjaldprotum fyrirtækja á síðasta ári kom því ekki á óvart. Samkvæmt gögnum frá Creditinfo á Íslandi fóru alls 2.171 fyrirtæki í þrot árið 2009, sem er nokkuð undir undir spám. Ástæðan fyrir því er tvíþætt. Í fyrsta lagi er líklegt að skuldaúrræði bankanna gagnast fyrirtækjum í einhverjum mæli og dragi þannig úr líkum á þroti. Í öðru lagi gæti verið um frestun á vandanum að ræða vegna tregðu í ákvörðunartöku, sem ítrekað hefur verið bent á undanfarna mánuði.

27



Um áramót voru ríflega fimmþúsund fyrirtæki skráð á vanskilaskrá. Miðað við óbreyttar aðstæður í ársbyrjun 2010 gerir Creditinfo ráð fyrir að 2.649 fyrirtæki stefni í greiðsluþrot innan 12 mánaða. Af þessum fyrirtækjum eru flest í byggingarstarfsemi, eða 525 fyrirtæki. Þó það sé ljóst að fáir hafa hag af því að ólífvænlegum fyrirtækjum sé haldið gangandi þá er það þjóðhagslegt hagsmunamál að til staðar séu skilvirk úrræði fyrir fyrirtæki sem eiga sér rekstrargrundvöll. Þannig er vörður staðinn um verðmætasköpun, atvinnustig og lífskjör.

## SAMKEPPNISUMHVERFI

Úrræði banka við skuldavanda fyrirtækja geta valdið margvíslegri röskun á rekstrar- og samkeppnisumhverfi atvinnugreina. Til að mynda getur breyttur fjárhagslegur styrkleiki fyrirtækis í eignaumsýslu bankanna gert því kleift að keppa um hylli viðskiptavina af meiri hörku en annars. Vonlaus staða annars fyrirtækis, sem ekki hefur verið tekið á með endurskipulagningu lána eða afskrift skulda svo félagið verði rekstrarhæft, getur einnig leitt til vinnubragða sem skaða samkeppnisumhverfið.

Í ljósi þess að mörg nýleg dæmi eru um óheppileg vinnubrögð af því tagi sem nefnd eru hér að ofan þarf ekki að koma á óvart að stórt hlutfall forsvarsmanna fyrirtækja telji að úrræði bankanna vegna skuldavanda fyrirtækja hafi neikvæð áhrif á samkeppnisumhverfi sitt. Ljóst er að fyrirtækjum sem ekki hafa skýrar rekstrarforsendur og heilbrigðan efnahagsreikning verður ekki stýrt til lengdar á eins hagkvæman máta og unnt er og geta því reynst samkeppnisumhverfinu skaðleg.

Í áliti Samkeppniseftirlitsins\* er tekið undir sjónarmið af þessu tagi og því beint til bankanna að hafa samkeppnissjónarmið til hliðsjónar við endurskipulagningu fyrirtækja. Æskilegt er að hnykkja á þessu í ljósi niðurstaðna viðhorfskönnunar Viðskiptaráðs.

### Erfiðleikar við endurskipulagningu

28

Bönkum er ákveðinn vandi á höndum við að endurskipuleggja fjármögnun fyrirtækja án þess að raska samkeppnisumhverfi. Í mörgum tilfellum þarf að afskrifa skuldir eða koma með nýtt eigið fé. Þar sem markaðsaðstæður eru ekki sem bestar um þessar mundir getur reynst erfitt að finna burðuga og viljuga fjárfesta öðruvísi en að afskrifa verulegan hluta skuldanna. Það getur því reynst erfitt og óhagkvæmt að selja fyrirtæki í heild og að sama skapi gengur misvel að losa eignir til að bæta fjárhagsstöðu félaga. Því getur það reynst betri leið fyrir banka og aðra lánadrottna til hámerkunar endurheimta að taka yfir þau fyrirtæki sem undir eðlilegri kringumstæðum væru ekki rekin áfram í óbreyttri mynd.

Eignarhald bankanna á fyrirtækjum í óskyldum rekstri geta skapað ýmis samkeppnisvandamál. Fyrir þessu eru ýmsar ástæður. Í fyrsta lagi er hætt við að uppvakningum verði haldið í rekstri og afkastagetu atvinnugreinar þannig haldið langt umfram eftirspurn. Með öðrum orðum, þá er óarðbærum fyrirtækjum haldið á floti því sala er ekki talin tímabær. Önnur hóflega skuldsett fyrirtæki búa við erfiðari samkeppnisaðstæður fyrir vikið og þurfa að sætta sig við tap á rekstri að teknu tilliti til fjármagnsliða. Annað alvarlegra afbrigði af þessum vanda er að fyrirtækjum er gert

„Það er alvarlegt hve mikið misvægi hefur skapast vegna slæmrar stöðu fasteignafélaga. Fyrirtæki sem eru að standa í skilum með dýrar eignir eru að keppa við fallin fasteignafélög. Verið er að leigja út eignir þeirra á hálfvirði í samkeppni við önnur fyrirtæki sem ekki geta boðið viðlíka kjör. Á þessum markaði er augljóslega verið að mismuna fyrirtækjum stórlega.“

Forsvarismaður innlands rekstrarfélags

\* Sjá álit nr. 3/2008 og umræðuskjal nr. 2/2009

kleift að stunda undirboð á markaði til að hrekja önnur veikari fyrirtæki af honum og skapa sér með því markaðsráðandi stöðu. Að lokum er hætt við að fyrirtækjum verði mismunað. Ákveðinn freistnivandi er til þess að tvinna saman hagsmuni þeirra fyrirtækja sem eru komin í eignaumsýslu viðkomandi bankastofnunar í stað þess að hverju fyrirtæki sé sinnt sem sér einingu.

Í öllum tilfellum er um að ræða skiljanlega ráðstöfun út frá markmiði um hámarks heimtur af lánum viðkomandi fyrirtækja, en á móti kemur að niðurstaðan er þjóðhagslega óhagkvæm ef litið er til heildarhagsmuna. Þannig getur ákvörðun eins banka skaðað hagsmuni annars og um leið atvinnugreinar og á endanum neytenda einnig.

Ótti fyrirtækja í samkeppni við þau sem eru í eigu bankanna er að mörgu leyti skiljanlegur. Hætt er við því að hagsmunir bankanna séu á þá leið að mismuna fyrirtækjum á grundvelli eignarhalds. Niðurfelling skulda eða aðrar ívilnanir gera þeim kleift að lækka greiðslur á fyrirtæki sem eru innan eignaumsýslu bankans og samtvinna innbyrðis hagsmuni þeirra, á sama tíma og önnur fyrirtæki fá ekki sömu kjör. Slíkar ráðstafanir hafa eðli málsins samkvæmt afar slæm áhrif á samkeppnisstöðu keppinauta þeirra sem þurfa ekki á skuldaúrræðum að halda.

Í ljósi þessa er mikilvægt að taka viðhorfin sem endurspeglast í könnun Viðskiptaráð alvarlega. Skapa verður skýr viðmið til að koma í veg fyrir vítahring þar sem rekstrarhæf fyrirtæki, sem staðið hafa efnahagsþrengingarnar af sér, verði undir í samkeppni við endurreist fyrirtæki sem standa traustari fótum eftir endurskipulagningu og njóta sterks fjárhagslegs baklands. Verði það ekki gert skaðast rekstrarumhverfi fyrirtækja enn frekar og heilbrigð fyrirtæki velta í kjölsogi þeirra sem haldið er gangandi á óeðlilegan hátt. Kostnaðurinn af löskuðu samkeppnisumhverfi fellur á heimili landsins og líklegra er að við horfum fram á mun lengra tímabil stöðnunar en ella þyrfti. Vítin eru til varnaðar og er japanska hagkerfið ágætt dæmi um langvarandi stöðnun sem varð vegna þess að ekki var tekið á vandamálum óstarfhæfra fyrirtækja.

29

## **FJÁRMÖGNUNARUMHVERFI**

Sem betur fer eru ekki öll fyrirtæki á Íslandi í skuldavanda og sum jafnvel í örur vexti. Að sama skapi eru núverandi aðstæður, þ.e. mikið aðgengi að vinnuafli og lágt raungengi krónunnar, kjöraðstæður fyrir uppbyggingu útflutningsgreina eða innlendar starfsemi sem keppir við innflutning. Stór hindrun í þeim efnum er laskað fjármögnunarumhverfi, en vandinn snýr að öllum hliðum fjármögnunar, beinni fjármögnun, óbeinni fjármögnun og erlendri fjármögnun.

### **Bolmagn bankakerfisins takmarkað**

Stóru bankarnir þrír sinntu 85% af bankastarfsemi í landinu fyrir hrun. Þeir ásamt fjölda annarra fjármálafyrirtækja lentu í vandræðum og því ekki að undra að skerðing hafi orðið á almennri fjármálaþjónustu í kjölfarið. Bankarnir standa frammi fyrir vissum áskorunum varðandi fjármögnun fyrirtækja. Ekki er víst að vilji sé til staðar að stækka efnahagsreikning bankanna, heldur þvert á móti líklegt að eigendur líti frekar til þess að minnka hann og endurheimta fjármuni líkt og fjallað var um hér að ofan.

Þrátt fyrir að bankakerfið hafi að forminu til verið endurreist þá er almenn virkni þess enn takmörkuð. Kerfið er auk þess mun minna en fyrir hrun og því veга útlán til stærstu fyrirtækja landsins þungt í efnahagsreikningi bankana. Erfitt getur því reynst fyrir stærri fyrirtæki að fá þjónust við hæfi þar sem áhættan er of mikil fyrir stakan banka. Þar sem aðgengi að erlendum fjármálamörkuðum er afar takmarkað gæti þessi vanmáttur bankakerfisins hamlað vexti innlendra fyrirtækja. Við slíkar aðstæður er líklegt að stór fyrirtæki sjái sér hag í því að flytja höfuðstöðvar sínar úr landi til að komast hjá þeim takmörkunum sem bankakerfið skapar þeim.

### Val fyrirtækja takmarkað

Við þær aðstæður sem nú ríkja er frelsi fyrirtækja til að velja sér viðskiptabanka takmarkað. Þau fyrirtæki sem þurfa að nota sértæk skuldaúrræði bankanna eru í raun föst hjá sínum viðskiptabanka. Ómögulegt er fyrir þau að færa viðskipti sín þar sem óvissa um framtíð bankakerfisins er of mikil auk þess sem bankarnir þyrftu að semja um niðurfellingu skulda sín á milli. Í þessari stöðu skapast fyrirtækjabundin einokun þar sem bankar geta krafist hærri vaxta vegna skorts á virkri samkeppni. Slíkt getur aukið vanda illa settra fyrirtækja enn frekar.

Einnig er mögulegt að fyrirtækjum sé mismunað í öfugu samhengi við það sem ætla mætti. Þau fyrirtæki sem standa vel og eru í góðum rekstri fá þannig slök kjör hjá sínum viðskiptabanka. Hvatinn til að hámarka tekjustreymi í dag, með því að reyna að fá sem mest frá þeim viðskiptavinum sem geta staðið undir byrðum, ýtir undir þessa þróun. Í raun er hugsanlegt að verið sé að refsa þeim fyrirtækjum sem stóðu efnahagshrunið hvað best af sér á kostnað fyrirtækja sem eru í erfiðleikum.

„Þrátt fyrir að kreppan hafi að mörgu leyti komið sér ágætlega fyrir viðskipti míns fyrirtækis þá er sú töf sem orðið hefur á endurskipulagningu bankanna og að koma hér á eðlilegu bankaumhverfi algjörlega óásættanleg. Það getur vart talist eðlilegt að vaxtakjör séu að rjúka upp hjá fyrirtæki sem hefur sjaldan staðið betur.“


Forsvarsmáður lítis útflutningsfyrirtækis

### Ótakmörkuð ábyrgð innlána óheppileg

Í kjölfar fjármálahrunsins jókst áhættufælni á innlendum markaði verulega. Liður af neyðaraðgerðum stjórnvalda var að tryggja allar innstæður á Íslandi til að koma í veg fyrir frekari fjármálalegan óstöðugleika. Í kjölfarið hafa innstæður bankakerfisins aukist verulega enda sjá einstaklingar og aðrir fjárfestar hag sínum best borgið með því að ávaxta fé sitt sem venjulegar innstæður á bankareikningum í stað þessa að leita eftir öðrum áhættusamari fjárfestingamöguleikum.

Þegar innstæður einstaklinga eru að fullu tryggðar og vextir á innlánum eru háir þá er líttill hvati til fjárfestingar. Þeir aðilar sem eiga umtalsverða fjármuni, sem þeir myndu við venjulegar kringumstæður fjárfesta í atvinnulífínu, sjá nú fram á takmarkaðan ávinning umfram áhættu af slíkri fjárfestingu. Þessu þarf að breyta og auka þannig framboð á fjármagni til stuðnings atvinnulífi.



PRÓUN  
FJÁRFESTINGA

Heimild: Hagstofa Íslands

Hinsvegar er staðan sú að bankar lána ekki í jafn miklum mæli og áður. Vísendingar um þetta sjást m.a. í því að bankar leggja hærri fjárhæðir á innlánsreikninga Seðlabankans en áður. Vextir banka af innstæðum hjá Seðlabankanum nema nú um 8% á ársgrundvelli. Því þurfa vextir af útlánum bankanna að vera umtalsvert hærri en það til að gera ráð fyrir því áhættuálagi sem felst í því að lána til verkefna innan atvinnulífsins.

### Vítahringur vaxta og verkefnalítið fé

Ákveðinn vítahringur er að skapast samkvæmt þessu. Þannig mun fjárfesting ekki aukast fyrr en vextir innlánsstofanna lækka nægilega mikið til að hagkvæmara sé að lána fjármagn út í atvinnulífið með áhættuálagi, en að láta það sitja verkefnalítið á reikningum Seðlabankans. Í raun er um vítahring að ræða þar sem hvatar í kerfinu eru ekki til þess fallnir að stuðla að auknum fjárfestingum. Einstaklingar og fyrirtæki leita í öryggið, en hvor á sínum vettvangi.

Sú tilhögun mála að innstæður séu að fullu tryggðar og fjármálastofnanir geti fengið góða áhættulausa ávöxtun á innlánsreikningum Seðlabankans getur vart talist hagkvæm ráðstöfun fjármuna til lengri tíma litið. Lækkun vaxta Seðlabankans getur þó dregið úr þessum vanda og því er mikilvægt að þeir lækki mikið sem allra fyrst. Þannig mætti miðla auknu fé til atvinnulífsins og hraða endurreisn.

### Aðrir fjármögnunarmöguleikar rýrir

Ef horft er til annarra fjármögnunarmöguleika en óbeinnar fjármögnunar hjá viðskiptabönkum er umhverfið lítt betra. Verðbréfamarkaðir hrundu á sama tíma og bankarnir og hafa ekki náð sér fyllilega á strik síðan. Fá fyrirtæki eru enn skráð á markað og engar nýskráningar undanfarin misseri, þó eitthvað gæti rofað til í þeim efnum á næstunni.

„Verðmyndun á markaði er enn mjög óskilvirk. Hlutafélög á markaði sem eru með meginstarfsemi erlendis og ganga vel eru enn verulega undirverðlögð á markaði. Vonandi verða aðstæður hér ekki þannig til langframa að ekki verði hægt að sækja rekstarfé á samkeppnishæfum kjörum. Þá dregur enn frekar úr starfsemi hér.“

Forsvarsmáður fyrirtækis í alþjóðlegri starfsemi

Ástæður fyrir þessu eru einkum þrjár. Í fyrsta lagi forðast fjárfestar enn áhættu, en trú á verðbréfavíðskipti hvarf að miklu leyti í bankahruninu og fjárfestar hafa því mestmegnis haldið sig við ríkisskuldabréf frá þeim tíma. Í öðru lagi er vaxtastig hátt og því hafa fjárfestar minni hvata til að leita uppi betri ávöxtun. Þetta dregur úr áhættufjárfestingu og stendur uppbyggingu atvinnulífsins fyrir þrífum. Í þriðja lagi draga innstæðutryggingar úr hvata fjárfesta til að leita á önnur mið líkt og áður sagði.

### **Erlend fjármögnun í biðstöðu**

Í ljósi mikillar óvissu um þróun efnahagsmála hérlandis og heldur bágborið rekstrarumhverfi fyrirtækja þá er ekki að undra að erlendir fjárfestar haldi að sér höndunum. Vegna lágs raungengis krónunnar eru vænleg fjárfestingartækifæri til staðar, en ósennilegt er að þau verði gripin fyrir en kemur til frekari rýmkunar gjaldeyrishafta og stjórnvöld hafa gefið skýrari merki um jákvæða afstöðu til erlendra fjárfesta. Vegna núverandi trúverðugleikavanda íslenska hagkerfisins og ríkjandi óvissu þyrfti áhættuálag erlendra fjárfesta að vera af þeim toga að erfitt gæti reynst að standa undir því.

## PENINGA- OG UTANRÍKISMÁL

Peningastefna Seðlabankans og fyrirkomulag gjaldeyrismála er einn af orsakabáttum neikvæðrar þróunar íslenska hagkerfisins á undanförunum árum. Í ljósi þess að hvort tveggja tengist með beinum hætti grundvelli rekstrar íslenskra atvinnufyrirtækja hefur Viðskiptaráð ítrekað vakið athygli á þeim vanda sem við er að etja, meðal annars í skýrslunum *Íslenska Krónan - Byrði eða Blóraböggull* og *Endurreisn Hagkerfisins - Horft til framtíðar* sem gefnar voru út á Viðskiptaþingi 2008 og 2009.

Um langt árabíl fram að hruni bankanna ríkti mikið ójafnvægi í verðlagi og gengi krónunnar, sem almennt kom niður á hagsmunum atvinnu- og efnahagslífsins. Fyrirtæki urðu fyrir umtalsverðum kostnaði af krónunni, t.a.m. vegna þess að viðvarandi verðbólga og háir vextir drógu verulega úr fyrirsjáanleika í rekstri og hröktu fyrirtæki til lántöku í erlendum gjaldmiðli. Í kjölfar fjármálakreppunnar fylgdi gjaldeyriskreppa þar sem á endanum var gripið til gjaldeyrishafta sem ekki sér fyrir endann á. Almenn samstaða er um að höft af því tagi valda miklu óhagræði, sér í lagi til langframa, en frekari skref til afnáms haftanna eru samkvæmt Seðlabankanum háð úrlausnarefnum stjórnvalda sem enn eru ófrágengin.


Umtalsverð óvissa ríkir um framtíð peningastefnu Seðlabanka Íslands. Kostirnir eru í grunnin tveir, þ.e. upptaka Evru í kjölfar inngöngu í ESB eða að framhald verði á sjálfstæðri peningastefnu með krónuna sem gjaldmiðil. Rökin fyrir óbreyttu fyrirkomulagi eru þau að hagrænn ábati sjálfstæðrar peningastefnu við jöfnun framleiðslustigs sé meiri en fórnarkostnaður þess að halda úti örsmáum gjaldmiðli, t.a.m. vegna viðskiptakostnaðar, ófyrirsjáanleika og vaxtaálags.

Í því sambandi er nauðsynlegt að huga að því að áframhaldandi sjálfstæði Íslands í peningamálum fylgja ákveðnar skorður sem erfitt gæti reynst að yfirstíga. Afleiðingar gjaldeyrishaftanna felast í frekari rýrnun trúverðugleika hagkerfisins sem og orðstír margra íslenskra fyrirtækja. Möguleikar á vexti íslenskra fyrirtækja utan landsteinanna eru þannig takmarkaðir og höftin rýra samkeppnishæfni þeirra á alþjóðavettvangi. Mikilvægt er að huga að þessum tveimur valkostum sem fyrst, en reynsla undanfarinna ára mun reynast þar mikilvægt veganesti.

## NÍÐURSTÖÐUR VIÐHORFSKÖNNUNAR

Eftirfarandi spurning var lögð fram til að kanna hug forsvarsmanna í atvinnulífinu til stöðu íslensku krónunnar:

*Telur þú að hagsmunum íslensks viðskiptalífs sé betur borgið með íslensku krónuna eða með annan gjaldmiðil?*



- 34 Ríflega helmingur aðspurðra telur að íslensku viðskiptalífi sé betur borgið með annan gjaldmiðil en íslensku krónuna, 37% telja viðskiptalífinu betur borgið með krónuna og 12% taka ekki afstöðu. Almennt eru forsvarsmenn fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu hlynntari því að taka upp annan gjaldmiðil. Um 43% forsvarsmanna fyrirtækja á landsbyggðinni telja okkur betur borgið með annan gjaldmiðil en 56% á höfuðborgarsvæðinu.

Þær atvinnugreinar sem eru helst fylgjandi upptöku annars gjaldmiðils eru verslun og þjónusta (56% og 57%) en í fiskvinnslu og útgerð telja 59% viðskiptalífi betur borgið með krónu.

„Ég hef miklar áhyggjur af því að við getum ekki afnumið höft á fjármagnsflutninga á næstunni. Það leiðir til þess að við uppfyllum ekki skilyrði EES-samningsins og allt flæði fjármagns muni hreinlega stöðvast.“


Forsvarismaður fyrirtækis í iðnaði

„Þó það henti útflutningsfyrirtækjum ágætlega í dag að búa við krónuna þá getur þetta fyrirkomulag gjaldeyrismála ekki gengið til framtíðar. Inn- og útflutningur þarf að búa við aukinn stöðugleika sem núverandi fyrirkomulag bíður ekki uppá. Handstýrður haftabúskapur er svo sannarlega ekki rétt lausnin.“

Forsvarismaður fyrirtækis í framleiðslu fyrir innlendan og erlendan markað

Afstaða íslenskra atvinnurekenda til aðildar að Evrópusambandi var einnig könnuð með eftirfarandi spurningu:

*Telur þú að hagsmunum íslensks viðskiptalífs sé betur borgið innan Evrópusambandsins eða utan þess?*



Afstaða viðskiptalífsins undanfarin ár til aðildar að Evrópusambandinu hefur verið mjög reikul. Af niðurstöðum fyrrgreindrar könnunar má hins vegar greina tortryggni gagnvart aðild að sambandinu. Alls telja um 60% forsvarsmanna fyrirtækja að íslensku viðskiptalífi sé betur borgið utan Evrópusambandsins. Tæplega 30% telja hagsmunum viðskiptalífs betur borgið innan ESB en ríflega 10% gera ekki upp á milli. Athyglisvert er að stærri fyrirtæki eru almennt meira fylgjandi aðild en þau smærri og afstaða fyrirtækja er almennt jákvæðari í garð aðildar að ESB eftir því sem þau eru í meiri alþjóðlegum viðskiptum.

35

## **KRÓNAN OG PENINGASTEFNAN Í KREPPU**

Gengi krónunnar hefur verið tiltölulega stöðugt undanfarna mánuði. Á meðan mikil óvissa ríkir um framtíðarfyrirkomulag gjaldmiðla- og peningamála þá þurfa fyrirtæki engu að síður að taka mið af gengisáhættu. Krónan setur fyrirtækjum skorður í fjármögnun auk þess að vera kostnaðarsöm og óáreiðanleg sem starfrækslummynt. Þetta hefur gert það að verkum að nánast ómögulegt er að gera áreiðanlegar langtímaviðskiptaáætlanir við núverandi aðstæður. Óvissan í umhverfinu kemur því að hluta í veg fyrir að þau geti nýtt sér veikt gengi krónunnar til aukinna erlendra viðskipti. Óvissan er það mikil að hún skapar í raun aðgangshindrun fyrir innlenda aðila sem vilja sækja á erlenda markaði.

Að margra mati hefur krónan verið einn af orsakavöldum kreppunnar og að rekja megi stóran hluta þess herkostnaðar sem til hefur fallið til sjálfstæðrar peningastefnu. Hins vegar er óljóst hvort koma hefði mátt í veg fyrir hrun bankanna ef annar gjaldmiðill hefði verið í notkun hérlendis. Þrátt fyrir að líkur séu á að kostnaður af völdum hrunsins

hefði verið minni með annan gjaldmiðil þá hefur krónan að einhverju leyti dregið úr högginu á framleiðslustig í hagkerfinu við núverandi aðstæður. Það hefur hins vegar verið á kostnað lífskjara. Í raun má því segja að krónan sé raunverulega búin að draga verulega úr kaupmætti hagkerfisins, en um leið hefur hún með því gert okkur samkeppnishæfari.

## Hnókrar á utanríkisviðskiptum

Íslensk fyrirtæki hafa lent í nokkrum vandræðum í kjölfar fjármálakreppunnar vegna veikrar stöðu krónunnar. Flest þeirra tengjast gjaldeyrishöftunum en einnig hafa verið vandamál tengd greiðsluþryggingum. Gengisáhætta fyrirtækja hefur vaxið til muna þar sem ekki er lengur í boði fjármálaþjónusta sem gerir fyrirtækjum kleift að verja sig gegn gengisbreytingum. Slíkt getur skapað aukinn kostnað og óhagkvæmni fyrir fyrirtæki í erlendum viðskiptum. Í kjölfar bankahrunsins gekk greiðslumiðlun til og frá öðrum löndum frekar illa en svo virðist sem sá vandi hafi verið leystur.

„Það getur ekki gengið til lengdar að fyrirtæki í alþjóðlegum viðskiptum þurfi að fara í gegnum nefndir og ráð hjá Seðlabankanum til að skipta gjaldeyri. Manni líður eins og fyrir um 30 árum þegar haftabúskapur var hér alsráðandi. Það er jafnframt ólíðandi að fyrirtæki sem kemur með allan sinn gjaldeyri heim þurfi að búa við svífaseina þjónustu á þessu sviði. Ég hef því almennt áhyggjur af því að bæði inn- sem útflutningsgreinar sjái ekki fram á betri tíma í náninni framtíð við óbreyttar aðstæður.“

Forsvarsmáður fyrirtækis í útflutningi

## Ísland í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi

Í kjölfar hrunsins komu ákveðnir erfiðleika upp með greiðsluþryggingar fyrirtækja í erlendum viðskiptum. Alþjóðleg greiðsluþryggingarfyrirtæki mátu kerfislæga áhættu of mikla til að þau treystu sér til að ábyrgjast greiðslur frá íslenskum fyrirtækjum til erlendra viðskiptamanna.

Algengt er að stjórnendur íslenskra fyrirtækja geri sér ekki grein fyrir fjölda fyrirspurna erlendis frá um þeirra fyrirtæki. Slíkar fyrirspurnir eru gerðar í formi skýrslukaupa þar sem fram koma allar helstu upplýsingar um tiltekið fyrirtæki. Creditinfo veitir þessar upplýsingar og sem dæmi má nefna þá voru fyrirspurnir af þessu tagi rúmlega 2.100 árið 2009. Upplýsingar úr þessum skýrslum geta haft grundvallaráhrif á kjör og samningsskilmála fyrirtækja í viðskiptum sínum erlendis og því er mikilvægt að upplýsingaskil þeirra séu sambærileg því sem þekkist í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi.

Þar vantar helst upp á skil íslenskra fyrirtækja á ársreikningum og öðrum grunn rekstrarupplýsingum. Í febrúar 2010 áttu t.a.m. 33% skilaskyldra fyrirtækja enn eftir að skila ársreikningi fyrir rekstrarárið 2008 þrátt fyrir að lögbundinn skilafrestur hafi runnið út í lok ágúst 2009. Í nágrannalöndunum eru síðbúin skil af þessu tagi nánast óþekkt enda gilda um þau víðast hvar mjög ströng viðurlög. Sem fyrr er því mikilvægt að fyrirtæki geri verulega bragarbót hér á til að byggja upp almennt traust í garðs íslensks atvinnulífs á ný.

## **PENINGASTEFNA Í NÚTÍÐ OG FRAMTÍÐ**

Síðustu ár hafa reynst Seðlabanka Íslands afar erfið. Fyrir það fyrsta hefur rekstur örmyntar í litlu opnu hagkerfi reynst afar vandasamt verk, sér í lagi á þeim tímum sem lausafjárgrótt ríkti á alþjóðlegum mörkuðum. Auk þess eru ýmsar kerfislægar ástæður fyrir því að miðlun peningastefnu bankans hefur verið veikari en ella, m.a. útbreidd notkun verðtryggingar, aukið aðgengi og mikil ásókn í lán í erlendum gjaldmiðlum. Annar mikill ókostur við það ástand sem ríkti hérlendis í aðdraganda hrunsins var skortur á trúverðugum og burðugum lánveitanda til þrautavara. Seðlabankinn hafði ekki burði til að standa að baki stærð fjármálakerfisins, sem var einn af þeim þáttum sem leiddi til falls bankanna.

Sú stefna var mörkuð í mars 2001 að taka upp verðbólguþröskulmörk sem grundvöll peningamálastjórnar Seðlabanka Íslands. Miðað var við að verðbólga yrði til frambúðar sem næst 2,5%. Óhætt er að segja að sú peningastefna Seðlabankans hafi ekki verið nægilega áhrifarík undanfarin ár. Áhrifaleysi bankans endurspeglast hvað best í að vaxtahækkningar hans á uppgangstímum höfðu ekki tilætluð áhrif og bankinn var vanmáttugur í baráttu sinni gegn verðbólgu. Frá því að fjármála- og gjaldeyriskreppan skall á af fullum þunga haustið 2008 hefur megin viðfangsefni peningastefnunnar hins vegar verið að stuðla að stöðugu gengi krónunnar, í samræmi við sameiginlega efnahagsstefnu stjórnvalda, Seðlabankans og AGS. Ljóst er að sú stefna gengur ekki til langframa ef markmiðið er að endurvekja frjálsa fjármagnsflutninga. Hins vegar gæti stefnan verið lausn til skemmri tíma á meðan Ísland býr við gjaldeyrishöft og strangar skorður á fjármagnsflutninga.

37

Ef ráðamenn landsins ætla á einhverjum tímapunkti að afnema gjaldeyrishöftin og koma hér á eðlilegra fjármagnsumhverfi þá þarf að breyta umgjörð og framkvæmd peningastefnunnar. Bankastjóri Seðlabanka Íslands gat þess á morgunverðarfundum Viðskiptaráðs í nóvember síðastliðnum að vinna við nýjan ramma peningastefnunnar væri hafin og þar væri unnið eftir tveimur grunnforsendum. Annars vegar út frá þeirri forsendu að gengið verði inn í Evrópusambandið, með tilheyrandi inngöngu í ERM II, og upptöku evrunnar þegar skilyrði þess væru uppfyllt. Hins vegar að myndaður verði rammi sem nefndur hefur verið „verðbólguþröskulmörk plús“. Slíkt verðbólguþröskulmörk yrði mun betur stutt af aðhaldi í ríkisfjármálum, varúðarreglum á fjármálamarkaði og öflugum fjármálaeftirliti. Um væri að ræða verðbólguþröskulmörk þar sem uppsöfnun gjaldeyrisforða á innstreymistímum og notkun hans þegar í harðbakkann slær yrði hluti af rammanum.

Hvaða nafn svo sem hin nýja stefna mun bera þá er forsenda þess að hægt sé að reka sjálfstæðan gjaldmiðil hérlendis til frambúðar sú að öll umgjörð fjármálakerfisins verði styrkt til muna. Peningastefna Seðlabankans verður í þessu ljósi fyrst og fremst að geta staðið undir þeim sveiflum sem sjálfstæður gjaldmiðill í litlu opnu hagkerfi mun ganga í gegnum. Hættan er þó sú að gengið verði það langt að það krefjist verulega víðtækra úrræða og inngripa af hálfu Seðlabankans, sem myndi setja atvinnu- og efnahagslífi óþarflega þröngar skorður. Slíkt verður að forðast.

## HVAÐA MÖGULEIKAR ERU Í BODI?

Eins og áður hefur verið nefnt má rekja mörg þeirra vandamála sem gerðu vart við sig í þenslu síðustu ára til íslensku krónunnar. Ýmsir telja að gengissveiflur krónunnar hafi í raun verið uppspretta ójafnvægis og hlutverk hennar sem sveiflujafnandi verkfæri því ekki skilað árangri. Niðurstaða umfjöllunar Viðskiptaráðs á síðustu misserum er sú að val Íslendinga standi á milli tveggja kosta. Annars vegar upptaka evru að undangenginni aðild að Myntbandalagi ESB eða áframhaldandi sjálfstæð peningamálastefnu með krónuna. Drepið er á helstu afleiðingum hvorrar leiðar fyrir sig hér að neðan.

### Innganga í ESB og upptaka evru

#### Helstu kostir:

- i. Samruni við stærra mynsvæði leiðir til hagræðis enda minnkar bæði gengisáhætta og viðskiptakostnaður.
- ii. Lægra vaxtastig og dreifing áhættu hagkerfisins.
- iii. Seðlabanki Evrópu yrði bakhjarl fyrir íslenskt fjármálakerfi.
- iv. Aukinn stöðugleiki sem stuðlar að aukinni erlendri fjárfestingu.
- v. Aukin utanríkisviðskipti.
- vi. Aukin trúverðugleiki efnahagslífs.

#### Helstu gallar:

- i. Ósamhverfar hagsveiflur geta skapað erfiðleika í hagstjórn.
- ii. Íslensk stjórnvöld myndu að einhverju leyti missa sjálfsákvörðunarrétt sinn á sviði fiskveiðistjórnunar, þ.m.t. réttinn til ákvörðunar aflamarks.
- iii. Óvissa um vægi Íslands í ákvarðanatöku og hve miklu af fullveldi landsins yrði fórnað.
- iv. Ósveigjanlegt raungengi sem veldur því að nafnlaun þurfa að lækka á erfiðleikatímum til að hagkerfið aðlagi sig að breyttum aðstæðum.
- v. Krefst mikils aga í ríkisfjármálum.

### Krónan og sjálfstæð peningastefna

#### Helstu kostir:

- i. Sjálfstæð peningamálastefna.
- ii. Fullveldi þjóðar og stjórn fiskveiða.
- iii. Sveigjanlegt raungengi.
- iv. Aðlögun hagkerfisins fer fram í veikara gengi í stað sársaukafullra aðgerða í nafnstærðum, t.d. nafnlaunalækkanir.
- v. Myntsláttuhagnaður vegna starfrækslu eigin myntar.

„Þrátt fyrir umsókn að ESB þá hef ég ekki mikla trú á því að af henni verði. Mikilvægum tíma og orku er sóað í þessa umsókn sem betur væri varið í uppbyggilegri málaefni.“

Forsvarsmáður fyrirtækis í sjávarútvegi



**Helstu gallar:**

- i. Miklar gengissveiflur sem gera áætlunargerð erfiðari.
- ii. Há og breytileg verðbólga.
- iii. Hátt vaxtaálag.
- iv. Mikill kostnaður við starfrækslu lítils gjaldmiðils.
- v. Bitlítil peningamálastefna.
- vi. Fjármálalegur óstöðugleiki.

„Peningamálin eru eitt brýnasta úrlausnarefni næstu missera. Langtímalausnin er að taka upp evru og við verðum að byrja að undirbúa jarðveginn strax. Með upptöku evru eigum við möguleika á að koma á stöðugleika, lækka vexti og afnema verðtryggingu. Ávinningurinn mun byrja að koma í ljós strax þegar tekinn er upp gengisrammi (ERM II) með samstarfi við ECB. Að þessu verður að stefna.“

Forsvarismaður fyrirtækis í útflutningi

**ESB OG GJALDMIÐLAMÁL**

Aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu í fyrrasumar markaði ákveðin tímamót. Stigið var fyrsta skrefið í átt að aðild, en þar sem mikil óvissa ríkir um stuðning stjórnvalda, almennings og atvinnulífs er óljóst hversu trúverðug umsókn Íslands sé. Í ljósi almennt neikvæðrar afstöðu til aðildar að ESB þá er athyglisvert að meirihluti forsvarsmanna íslenskra fyrirtækja telja viðskiptalífínu betur borgið með annan gjaldmiðil. Þar af telja um 20% þeirra, sem telja viðskiptalífínu mikið betur borgið með annan gjaldmiðil, að hagsmunum viðskiptalífsins sé betur borgið utan ESB. Þetta bendir til þess að forsvarsmenn fyrirtækja bindi enn vonir við að geta tekið upp annan gjaldmiðil en evruna eða að hægt sé að taka hana upp einhliða.

39

Í ljósi umræðu um raunhæfa valkosti er þessi niðurstaða athyglisverð, en hún endurspeglar áþreifanlega óvissu um stefnu stjórnvalda í gjaldeyris-, peninga- og Evrópumálum. Sú óvissa kemur niður á rekstarumhverfi fyrirtækja og því er brýnt að henni verði eytt hið fyrsta.

Upptaka evru og aðild að Evrópusambandinu er þó engin töfralausn. Ómögulegt er að fullyrða um hvort skynsamlegt sé að stefna að aðild fyrir en ljóst er hvað felst í aðildarsamningi. Mat á kostum og göllum aðildar þarf að fara fram þegar samningurinn liggur fyrir og vega þá og meta hvort aðild sé hagstæð fyrir íslenskt viðskiptalíf og samfélag.

„Stærsta tjónið sem íslensk stjórnvöld geta gert um þessar mundir í gjaldeyrisárum er að ekki sé tekið af skarið varðandi krónuna. „Status quo“ veldur mestum skaða af þeim möguleikum sem eru í boði þar sem óvissan er búin að vana atvinnulífi.“

Forsvarismaður fyrirtækis í innlendum iðnaði

## TRÚVERÐUGLEIKI, ÍMYND OG FRAMTÍÐARHORFUR

Ljóst er að á undanförunum mánuðum og misserum hefur dregið úr trúverðugleika íslenska hagkerfisins, bæði meðal þátttakenda innanlands og hagsmunaaðila utan landsteinanna. Spurningar hafa vaknað um stöðugleika efnahagslífs og stjórn mála, hagkvæmni peningastefnu og gjaldmiðils, sjálfbærni reksturs hins opinbera, heilbrigði fjármálamarkaðar, samkeppnishæfi vinnumarkaðar og skilvirkni regluverks og eftirlits. Samfara þessum spurningum eru framtíðarhorfur óvissari en áður. Við slíkar aðstæður er hætt við að Ísland fari halloka í samkeppni um fjárfestingu og mannaúð, sem eru forsenda tækniframfara og verðmætasköpunar atvinnulífs sem lífskjör byggja á.

40 Ýmsir grundvallarþættir og viðhorf í samfélaginu hafa breyst í kjölfar fjármálakreppunnar og mikilvægt er að bregðast við þeim breytingum með yfirveguðum hætti. Til skemmri tíma er ljóst að trú á hagkerfið ræðst af því hvernig miðar í lausn mikilvægra úrlausnarefna á borð við Icesave og skuldavanda fyrirtækja og heimila. Einnig skiptir verulegu máli hvernig stjórnvöld standa vörð um grunnstoðir, t.a.m. á sviði heilbrigðis-, mennta- og félagsmála og á sama tíma hvernig staðið er að ákvörðunartöku um fjárfestingar og atvinnuuppbyggingu.

Hins vegar er brýnt að hugsa ekki einungis til skemmri tíma, heldur miða að því að móta eftirsóknarverða en hagnýta framtíðarsýn sem eflir trú á hagkerfið og getu þess til vaxtar. Meðal þess sem sérstaklega þarf að huga að er framtíðarstefna og stöðugleiki í utanríkismálum, peningamálastjórn, fjármálum hins opinbera og almennum umsvifum ríkisins í atvinnulífinu. Einnig er mikilvægt að tryggja að öll umgjörð efnahagslífs og reksturs, eins og rætt er um hér á undan, sé eins skýr og stöðug og kostur er. Í núverandi stöðu er ekki boðlegt að mikilvægum ákvörðunum um fyrrgreind mál sé skotið á frest vegna þess hve viðfangsefnin eru langt undan.


„Fyrir fáeinum árum stáðuðum við Íslendingar af því að búa við einfalt og stöðugt skattkerfi og samkeppnishæft rekstrarumhverfi sem laðaði að erlenda fjárfesta. Í dag er verið að umturna því starfi sem átt hefur sér stað á síðastliðnum 30 árum og ætlast er til þess að fyrirtæki aðlagi sig að gjörbreyttu kerfi á skömmum tíma. Ljóst er að slík aðlögun mun kosta sitt fyrir fyrirtæki í landinu.“

Sérfræðingur í skattaráðgjöf til fyrirtækja

## NIÐURSTÖÐUR VIÐHORFSKÖNNUNAR

Í ljósi þess mikla tíma og orku sem stjórnvöld hafa lagt í úrlausn Icesave vandans var ákveðið að kanna hug atvinnurekenda til stöðu málsins með eftirfarandi spurningu:

*Telur þú að ákvörðun forseta Íslands að staðfesta ekki lög um ríkisábyrgð vegna Icesave skuldbindinga þann 5. janúar 2010 hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á framtíðarhorfur íslensks viðskiptalífs?*



41

Niðurstaðan leiðir í ljós að meirihluti forsvarsmanna fyrirtækja telur að synjun forseta Íslands um staðfestingu á Icesave lögum í janúar síðastliðnum muni hafa jákvæð áhrif á framtíðarhorfur íslensks viðskiptalífs. Ýmislegt bendir til að svo verði.

Engu að síður er ljóst að með ofangreindri ákvörðun eru send skilaboð um ósamstæði forystu landsins um áherslur og leiðir til lausna. Skilaboð af þessu tagi, sem því miður eru nokkuð lýsandi fyrir stjórnun landsins á síðustu mánuðum, eru óheppileg því þau endurspeglar vanmátt stjórnvalda til að takast á við erfiðleikana.


„Ég hef fundið fyrir miklum áhuga frá erlendum fjárfestum til að fjárfesta héraendis en rekstarumhverfi fyrirtækja er ógagnsætt og fráhrindandi sem hindrar það að fjármagn flæði hingað til lands.“

Forsvarismaður fyrirtækis í iðnaði

Nú er mál er að linni og nauðsynlegt að stjórnvöld sýni festu, hagsýni og samstöðu við úrlausn helstu viðfangsefna til skemmri og lengri tíma, bæði innan og utan stjórnarsamstarfs. Í því fælust mikilvægustu merkin um að forysta þjóðarinnar ráði við þau viðfangsefni sem þeim hafa verið fengin til lausnar, sem eflir trúverðugleika og bætir framtíðarhorfur.

Að lokum taldi Viðskiptaráð ástæðu til að kanna afstöðu viðskiptalífsins til þeirrar einföldu spurningar hvort þjóðernið hefði áhrif á fyrirtæki þeirra. Hún var svohljóðandi:

*Telur þú það hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á stöðu þíns fyrirtækis að vera frá Íslandi?*



